



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

# **Eignarfallsflótti**

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Helga Eggertsdóttir**

**Júní 2009**

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindadeild**  
**Íslenska**

# **Eignarfallsflótti**

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Helga Eggertsdóttir**

**Kt.: 290181-5429**

**Leiðbeinandi: Jóhannes Gísli Jónsson**

**Júní 2009**



## Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til BA-prófs í íslensku við Hugvísindasvið Háskóla Íslands vorið 2009. Hún fjallar um tiltekna málbreytingu sem er orðin nokkuð algeng í íslensku máli og nefnist *eignarfallsflótti*. Ritgerðin er að mestu fræðileg umræða um málbreytinguna, eðli hennar og ástæður. Í byrjun verður leitast við að útskýra hugtakið og reynt að varpa ljósi á ástæður breytingarinnar, m.a. út frá veikri beygingu nafnorða og þáttakerfi íslenskunnar. Einnig verður fjallað um þetta með hliðsjón af barnamáli. Að lokum verður lítil könnun lögð fyrir nokkra málhafa og niðurstöður hennar kynntar og ræddar auk þess sem reynt verður að tengja þær við fyrri umræðu um efnið.

Málbreytinguna má skýra að einhverju leyti út frá veikri beygingu kvenkynsorða og að einhverju leyti út frá þáttakerfi íslenskunnar. Að auki skiptir setningafræðilegt umhverfi töluverðu máli hvað þetta varðar, sérstaklega eignarfallsrunur því meiri líkur virðast vera á því að málhafar samþykki nýtt eignarfall með slíkum runum eins og niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Hvað er eignarfallsflótti? .....	4
2.1 Beyging sterkra nafnorða .....	4
2.2 Helgi Skúli Kjartansson .....	10
2.3 Ásta Svavarsdóttir .....	14
2.4 Samantekt .....	16
3. Orðhlutafræði .....	17
3.1 Orðasafn og málfræðilegar formdeildir .....	17
3.2 Þáttakerfið .....	17
3.3 Þáttakerfið sem útskýring á óhefðbundnu eignarfalli .....	22
3.4 Áhrifsbreytingar .....	23
3.5 Tengsl áhrifsbreytinga við barnamál .....	27
3.6 Samantekt .....	31
4. Könnun á eignarfallsflóttu .....	32
4.1 Niðurstöður .....	33
5. Lokaorð .....	39
Viðauki .....	41
Heimildir .....	46

## 1. Inngangur

Íslenska er mikið beygingamál og beygingakerfi málsins hefur breyst tiltölulega lítið frá fornmáli. Við notum enn að mestu þær beygingaformdeildir sem voru í málinu til forna og beygjum fallorðin enn í fjórum föllum þótt fallendingar hafi tekið breytingum. Áður fyrr var til að mynda sagt *kettir* um *köttu* og *firðir* um *fjörðu* og svo mætti lengi telja.

Þrátt fyrir að beygingakerfið í heild hafi ekki breyst mikið má finna ýmis merki um að fallakerfi íslenskunnar sé að breytast og er eignarfallið á undanhaldi í sumum tilvikum. Hugtakið eignarfallsflótti er oft notað sem samheiti yfir tvennt, annars vegar í merkingunni nýtt fall, þ.e. þegar annað fall er notað í stað eignarfalls (oftast þágufall eða þolfall) og hins vegar í merkingunni ný mynd eignarfalls. Í þessari ritgerð mun ég fjalla um hið síðarnefnda, þ.e. eignarfallsflóttu í merkingunni ný beygingarmynd.

Efnisskipan ritgerðarinnar er með þeim hætti að annar kafli hefst á almennri umræðu um beygingu nafnorða í íslensku. Athyglinni verður beint að sterku kvenkynsorðunum þar sem þau verða oftast fyrir þessari málbreytingu. Fjallað verður um hugmyndir Helga Skúla Kjartanssonar og Ástu Svavarsdóttur um viðfangsefnið og í lok kaflans verða aðalatriðin dregin saman í nokkra punkta. Í þriðja kafla verður fjallað um málbreytinguna með hliðsjón af þáttakerfi íslenskunnar og áhrifsbreytingum auk þess sem þetta verður tengt við barnamál. Í fjórða kafla hefst umfjöllun um stutta könnun sem var framkvæmd og síðar í þeim kafla verða niðurstöður hennar kynntar og skýrðar með tilliti til viðfangsefnisins. Í fimmta og síðasta kafla eru lokaorðin.

## 2. Eignarfallsflótti

### 2.1 Beyging sterkra nafnorða

Áður en ég fjalla um þau orð sem hafa mesta tilhneigingu til að fá nýja eignarfallsmynd skulum við fara yfir helstu atriði varðandi beygingu íslenskra nafnorða.

Nafnorð skiptast í tvo meginflokka eftir beygingarendingum, sterka beygingu og veika beygingu. Orð sem enda á samhljóði í eignarfalli eintölu (*-s, -ar eða -ur*) hafa sterka beygingu en orð sem enda á sérhljóði í öllum föllum eintölu hafa veika beygingu.<sup>1</sup>

Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir nafnorðabeygingu í íslensku í öllum föllum, kynjum og báðum tölum:

Tafla 1:

		kk.	kvk.	hk.	kk.	kvk.	hk.
et.	nefnifall	hest-ur	rós	hús	fán-i	tal-a	eyr-a
	þolfall	hest	rós	hús	fán-a	töl-u	eyr-a
	þágufall	hest-i	rós	hús-i	fán-a	töl-u	eyr-a
	eignarfall	hest-s	rós-ar	hús-s	fán-a	töl-u	eyr-a

ft.	nefnifall	hest-ar	rós-ir	hús	fán-ar	töl-ur	eyr-u
	þolfall	hest-a	rós-ir	hús	fán-a	töl-ur	eyr-u
	þágufall	hest-um	rós-um	hús-um	fán-um	töl-um	eyr-um
	eignarfall	hest-a	rós-a	hús-a	fán-a	tal-na	eyr-na
		STERK BEYGING			VEIK BEYGING		

Þágufall fleirtölu endar á *-um* í öllum kynjum. Eignarfall fleirtölu endar á *-a* í öllum kynjum og *-na* í sumum veikum kvenkynsorðum og flestum veikum hvorugkynsorðum. Í hvorugkynsorðum er nefnifall og þolfall alltaf eins í sömu tölu. Kvenkynsorð hafa nefnifall og þolfall fleirtölu alltaf eins. Í karlkynsorðum er þolfall fleirtölu eins og nefnifall fleirtölu að því undanskyldu að *r-ið* fellur brott. Orð sem

<sup>1</sup> Guðrún Kvaran 2005:221

enda á *-ur* í fleirtölu eru þó eins í báðum þessum föllum, t.d. nf. *bændur* þf. *bændur*.<sup>2</sup>

Sterkum kvenkynsorðum er skipt í þrjá flokka eftir beygingarendingum eins og eftirfarandi tafla sýnir:<sup>3</sup>

Tafla 2:

	ef.et.	nf.ft.	dæmi:
1. flokkur	-ar (-r)	-ar (-r)	nál, á
2. flokkur	-ar	-ir	tíð, höfn, sól
3. flokkur	-ar (-ur)	-ur (-r)	önd, brú, móðir

Um er að ræða þrenns konar beygingarendingar. Algengast er að eignarfall eintölu fái *-ar* endingu (t.d. *sól – sól – sól – sólar*, *nál – nál – nál – nálar*, *skál – skál – skál – skálar*) en afar sjaldgæft er að endingin sé *-ur* eða engin, (t.d. *móðir – móður – móður – móður*). Algengasta endingin í nefnifalli fleirtölu er *-ir* (t.d. *rósir, sólr, tíðir*) en sú sjaldgæfasta er *-ur* (t.d. *mæður, bækur, endur*). Því er hægt að gera ráð fyrir að beyging orða eins og *sól, tíð og höfn* sé regluleg. Nokkuð ljóst er að endingin *-ur* er sjaldgæfust þessara þriggja en þess ber að geta að þau kvenkynsorð sem enda á *-ur* í eignarfalli eintölu fá einnig *-ur* í nefnifalli fleirtölu (t.d. et. *móðir – móður – móður – móður*, ft. *mæður – mæður – mæðrum – mæðra*).<sup>4</sup>

Hver og einn flokkur inniheldur beygingadæmi sem eiga að sýna helstu einkenni beygingarinnar. Hér á eftir verður fyrsti flokkur tekinn fyrir. Beygingadæmi þess flokks eru sjö: *á, heiði, lifur, nál, reyður, skel og stöð*. Þessum flokki tilheyra mörg algeng orð í nútímamáli okkar, t.d. *grein, hlið, laug, ól, reim, skál, taug, vél og æð*. Þau beygjast öll eins og *nál*, þ.e. eru endingarlaus í nefnifalli, þolfalli og þágufalli og enda á *-ar* í eignarfalli eintölu. Í fleirtölu enda nefnifall og þolfall á *-ar*, þágufallið á *-um* og eignarfallið á *-a*.<sup>5</sup> Hið sama á við um orð sem enda á *-ung*, t.d. *djörfung, lausung* og *nýjung*.<sup>6</sup> Dæmi:

<sup>2</sup> Íslensk beygingar- og orðmyndunarfræði 2006:1

<sup>3</sup> Guðrún Kvaran 2005:222

<sup>4</sup> Íslensk beygingar- og orðmyndunarfræði 2006:1-4

<sup>5</sup> Guðrún Kvaran 2005:233-234

<sup>6</sup> Fleiri orð sem enda á viðskeytinu *-ung* má sjá í viðauka.



Tafla 3:

et.	nf.	nál	æð	nýjung
	þf.	nál	æð	nýjung
	þgf.	nál	æð	nýjung
	ef.	nál-ar	æð-ar	nýjung-ar

ft.	nf.	nál-ar	æð-ar	nýjung-ar
	þf.	nál-ar	æð-ar	nýjung-ar
	þgf.	nál-um	æð-um	nýjung-um
	ef.	nál-a	æð-a	nýjung-a

Sum kvenmannsnöfn beygjast eins og *nál* að því undanskyldu að þau fá endinguna *-i* í þolfalli og þágufalli. Þetta eru nöfn eins og *Agnes, Auður, Hildur, Margrét og Unnur*, ásamt fleirum.<sup>7</sup> Dæmi:

Tafla 4:

nf.	Margrét
þf.	Margrét-i
þgf.	Margrét-i
ef.	Margrét-ar

Orð sem enda á viðskeytinu *-ing* beygjast einnig eins og *nál* að því undanskyldu að þau fá endinguna *-u* í þolfalli og þágufalli, sbr. *bygging, drottning, efling, eining, gifting, kerling, sigling* og *styrking*. Fleirtalan er aftur á móti eins og fleirtalan af orðinu *nál*. Þessi orð fylgja beygingarmynstri sem er frábrugðið þeim mynstrum sem algengust eru í íslenskum kvenkynsorðum. Í töflu 5 hér að neðan er hefðbundin beyging orðsins *drottning* sýnd og í töflu 6 gefur að líta beygingarmynstur íslenskra kvenkynsorða:

<sup>7</sup> Guðrún Kvaran 2006:234-235. Fleiri orð sem beygjast eins og þessi má sjá í viðauka.

Tafla 5:

et.	nf.	drottning	ft.	drottning-ar
	þf.	drottning-u		drottning-ar
	þgf.	drottning-u		drottning-um
	ef.	drottning-ar		drottning-a

Tafla 6:

et.	nf.	borg	stelp-a	breyting	Kristín
	þf.	borg	stelp-u	breyting-u	Kristín-u
	þgf.	borg	stelp-u	breyting-u	Kristín-u
	ef.	borg-ar	stelp-u	breyting-ar	Kristín-ar

Beygingarmynstur fyrir *borg*: nf./þf./þgf.:ef

Beygingarmynstur fyrir *stelpa*: nf.:þf./þgf./ef.

Beygingarmynstur fyrir *breyting* og *Kristín*: nf.:þf./þgf.:ef.

Nýtt beygingarmynstur fyrir *breyting* og *Kristín*: nf.:þf./þgf./ef.<sup>8</sup>

Hið sama á við um nöfn eins og *Bergljót*, *Elín*, *Katrín*, *Kristín* og kvenmannsnöfn sem enda á *-björg*, *-laug*, *-rún*, *-veig*, t.d. *Guðbjörg*, *Sigurbjörg*, *Þorbjörg*, *Áslaug*, *Guðlaug*, *Sigurlaug*, *Hafrún*, *Heiðrún*, *Hugrún*, *Sólrún*, *Heiðveig*, *Sigurveig*, *Sólveig* og mörg fleiri. Einnig nöfn sem enda á *-ey* og *-ný*, t.d. *Arney*, *Bjarney*, *Laufey*, *Sigurey*, *Árný*, *Bjarný*, *Guðný* og fleiri.<sup>9</sup> Öll eru þau endingarlaus í nefnifalli, fá *-u* í þolfalli og þágufalli og enda á *-ar* í eignarfalli.<sup>10</sup> Dæmi:

Tafla 7:

nf.	Kristín	Guðlaug	Sólrún	Sólveig
þf.	Kristín-u	Guðlaug-u	Sólrún-u	Sólveig-u
þgf.	Kristín-u	Guðlaug-u	Sólrún-u	Sólveig-u
ef.	Kristín-ar	Guðlaug-ar	Sólrún-ar	Sólveig-ar

<sup>8</sup> Guðrún Kvaran 2005:234-235

<sup>9</sup> Fleiri orð sem enda á viðskeytum sem þessum má sjá í viðauka.

<sup>10</sup> Guðrún Kvaran 2005:234-235

Þessum orðum og þeim sem enda á viðskeytinu *-ing* hættir til að fá endinguna *-u* í eignarfalli eintölu fyrir áhrif frá *u*-inu í þolfalli og þágufalli. Slíkt má rekja til **áhrifsbreytingar** en það er ein tegund málbreytinga og slík breyting felur í sér að mynd orðs breytist fyrir áhrif frá öðru orði/orðum. Nánar verður fjallað um áhrifsbreytingar í kafla 3.4 hér á eftir.

Þegar slíkt gerist verður hið nýja eignarfall<sup>11</sup> ofantalinna sérnafna með eftirfarandi hætti: *Kristín-u*, *Guðlaug-u*, *Sólrun-u* og *Sólveig-u*. Á sama hátt verður eignarfallsmynd orðsins *drottning* að *drottning-u* í stað *drottning-ar*, *eining* verður *eining-u* í stað *eining-ar* o.s.frv. Í eftirfarandi dæmi má sjá hið nýja eignarfall þessara sérnafna feitletrað.<sup>12</sup> Í töflu 8 er ný beyging þessara nafna og orða sýnd.

- (1) a. *Ég er að fara í afmæli til **Kristínu**.*  
 b. *Hann sparkaði boltanum til **Guðlaugu**.*  
 c. *Ég er að fara til **Sólrunu**.*

Tafla 8:

et.	nf.	Kristín	Guðlaug	drottning
	þf.	Kristín-u	Guðlaug-u	drottning-u
	þgf.	Kristín-u	Guðlaug-u	drottning-u
	ef.	Kristín-u	Guðlaug-u	drottning-u

Reyndar er þetta ekki einungis bundið við orð sem enda á *-u* í þolfalli og þágufalli, því orð sem enda á *-un* eiga það einnig til að fá óhefðbundið eignarfall. Þetta eru orð eins og *aðdáun*, *ástundun*, *fjölgun*, *túlkun*, *umfjöllun* og mörg fleiri. Slík orð beygjast eins og *nál* í eintölu, þ.e. eru endingarlaus í nefnifalli, þolfalli og þágufalli og enda á *-ar* í eignarfalli. Fleirtalan er eins og hjá hinum orðunum (*nál*, *drottning*, *nýjung*), að því undanskyldu að nefnifallið endar á *-ir*. Hér fyrir neðan má sjá töflu með hefðbundinni beygingu orðs sem endar á *-un* og síðan verða sýnd tvö dæmi sem innihalda óhefðbundið eignarfall með þannig orðum:

<sup>11</sup> Þessi breyting á eignarfalli eintölu verður hér eftir kölluð „hið nýja eignarfall“ eða „hið óhefðbundna eignarfall.“

<sup>12</sup> Framvegis verður feitletrun látin tákna hið nýja eignarfall en þegar um beygingardæmi (s.s. töflur) er að ræða er feitletrunin notuð til að sýna tvö eða fleiri föll sem beygjast eins.

Tafla 9:

et.	nf.	fjölgun	ft.	fjölgan-ir
	þf.	fjölgun		fjölgan-ir
	þgf.	fjölgun		fjölgun-um
	ef.	fjölgun-ar		fjölgan-a

- (2) a. *Átaki hefur verið hrundið af stað vegna **fjölgun** banaslysa í umferðinni.*  
 b. *Mikil viðbrögð urðu vegna **umfjöllun** Morgunblaðsins um málið.*

Sú tilhneiging að orð fái hið nýja eignarfall virðist ekki vera jafn sterk þegar nöfn eins og *Agnes, Auður, Hildur, Margrét* og fleiri eru annars vegar. Nýja eignarfallsmyndin virðist því ekki ná að þröngva sér inn í þau orð þrátt fyrir að þau fylgi sama beygingarmynstri og hin, þ.e. fá sömu mynd í þolfalli og þágufalli eintölu að því undanskyldu að sú ending er *-i* en ekki *-u*.<sup>13</sup> *Ásta Svavarsdóttir* telur að þ.a.l. verði að líta svo á að tilvist *-u* sem eignarfallsendingar í veikum kvenkynsorðum ýti undir þessa breytingu því viss orð (sbr. *drottning*) virðast vera að samræma beygingu sína að hinni algengu veikun beygingu.<sup>14</sup>

Með því að slá inn eignarfallsmyndina *til Hildi, til Margréti* o.s.frv. inn í leitarforrit *google.is* sést glögglega hve nýja eignarfallið er mun fátíðara með þessum sérnöfnum en hinum orðunum og sérnöfnunum. Upp koma sárafá dæmi og þá aðallega af bloggsíðum ungs fólks. Reyndar var eitt dæmanna af heimasíðu grunnskóla í Kópavogi (3c) en flestir myndu eflaust ætla að slíkar síður innihéldu vandað mál. Hér fyrir neðan má sjá þrjú af þeim dæmum sem leitarforritið fann:

- (3) a. *Og svo fór ég til **Margréti** og svo heim..*  
 b. *Fór á föstudagskvöldið í heimsókn til **Hildi Lilju** og **Bjössa**...*  
 c. *Kærar þakkir til **Margréti Sigbjörnsdóttur**.*

<sup>13</sup> Fleiri orð sem beygjast eins og þessi má sjá í viðauka.

<sup>14</sup> *Ásta Svavarsdóttir 1994:7-13*

## 2.2 Helgi Skúli Kjartansson

Fyrir um 30 árum vakti *Helgi Skúli Kjartansson* athygli á nýrri málbreytingu sem hann taldi vera að koma upp og nefndi *eignarfallsflóttu*. Um var að ræða setningar sem innihéldu nafnliði er áttu að standa í eignarfalli en birtust í annarri fallmynd.<sup>15</sup>

Dæmi:

- (4) *Hann sótti um aukningu á styrknum til eflingu starfseminnar.*<sup>16</sup>

Í greinum sínum frá árunum 1979 og 1999 fer Helgi Skúli um víðan völl í vangaveltum sínum um eðli þessarar málbreytingar og notar eitt og sama nafnið yfir tvö fyrirbæri, þ.e. að eignarfallsflótti sé bæði röng fallnotkun og röng fallmynd. Fyrir honum eru þetta s.s. tvær breytingar. Með rangri fallnotkun er átt við að notað sé annað fall í stað eignarfalls (einkum þágufall eða þolfall), þ.e. nýtt eignarfall, en með rangri fallmynd er átt við eignarfall, reyndar í annarri mynd en venjulega (þ.e. sjálf beygingin hefur breyst). Í þessari ritgerð mun ég beina sjónum mínum að hinu síðarnefnda, þ.e. nýrri mynd eignarfalls. Sjálfur hallast hann að fyrri skýringunni, þ.e. að eignarfallsflótti sé í raun nýtt eignarfall. Ástæðan er sú að þessi breyting virðist, að hans mati, ekki tengjast vissum orðum eða beygingarflokkum, heldur fyrst og fremst setningarlegu umhverfi af ákveðnu tagi.<sup>17</sup> Staðreyndin er hins vegar sú að þessi breyting tengist einnig ákveðnum orðum eða beygingarflokkum eins og ég hef þegar fjallað um (sbr. þau orð sem enda á viðskeytinu *-ing*). Það eitt og sér bendir til þess að fallmyndunum sé frekar ruglað saman en sjálfum föllunum.

Að mati Helga eru ákveðnar setningafræðilegar aðstæður, eins og eftirfarandi, sem auka líkurnar á eignarfallsflóttu:

- (5) Flóknar setningar oft með mörgum eignarfallsliðum. Dæmi:  
*...sköpun þriggja atvinnutækifæra í skiptiframleiðslu leiði til samtals fimm atvinnutækifæra, þar af tveimur í eiginnotaframleiðslu.*

---

<sup>15</sup> Helgi Skúli Kjartansson 1979:88-94

<sup>16</sup> Kristján Eiríksson 1990:69

<sup>17</sup> Helgi Skúli Kjartansson 1979: 88-94

- (6) Að langt sé á milli fallvaldsins og liðarins sem hann stýrir. Dæmi:  
*Vegna fráfalls Georgs Ólafssonar, sem vann að ákveðnu verki á vegum félagsins, og röskun áætlunar um annað verk...*
- (7) Að fallvaldurinn standi á eftir liðnum sem hann stýrir. Dæmi:  
*...tvær og hálf milljón króna halli...*
- (8) Að liðir í öðru falli standa í námunda við óvenjulega liðinn og kunni því að hafa truflandi áhrif á fallmörkun hans. Dæmi:  
*Hins vegar hefur dánartíðni vegna krabbameins í lungum, brisi og þvagblöðru, hjarta- og æðasjúkdómum eða hæggennum lungnasjúkdómum ekki verulega aukin.*<sup>18</sup>

Svo virðist sem setningafræðilegar aðstæður sem þessar skipti töluverðu máli hvað varðar hefðbundna fallnotkun. Mun meiri líkur virðast vera á að fá hið nýja eignarfall þegar runa af eignarfallslíðum er annars vegar, þ.e. þegar nafnorð í eignarfalli stýrist af öðru nafnorði í eignarfalli. Með öðrum orðum hljómar hið nýja eignarfall skást ef annað eignarfall kemur strax á eftir. Þannig setning hljómar að mínu mati ekki eins vel ef forsetningarliður kemur á eftir nýja eignarfallinu. Við getum borið þetta tvennt saman með því að velta fyrir okkur dæmum 9 og 10 hér að neðan:

- (9) a. *Vegna sýningu Jóns.*  
b. *Vegna þekkingu nemandans.*  
c. *Vegna skiptingu fjárens.*
- (10) a. *Vegna sýningu á málverkunum.*  
b. *Vegna þekkingu á málinu.*  
c. *Vegna skiptingu á fé.*

Í dæmi 5, 6 og 7 höfum við eignarfallsrunur sem virðist skipta töluverðu máli. Í dæmi 6 skiptir líklega ekki höfuðmáli að það er langt á milli fallvaldsins og liðarins

---

<sup>18</sup> Helgi Skúli Kjartansson 1979:91

sem hann stýrir, heldur er það runa eignarfallsliðanna sem skiptir meira máli. Ef forsetningarliður er settur í staðinn fyrir eignarfallsliðinn hljómar setningin ekki eins vel og hin að mínu mati:

- (11) *Vegna fráfalls Georgs Ólafssonar, sem vann að ákveðnu verki á vegum félagsins, og **bilun** í tækjabúnaði...*

Í dæmi 8 höfum við setningu þar sem liðir í öðru falli trufla fallmörkun á óvenjulega liðnum. Liðirnir, sem standa allir í þágufalli, eru *lungum*, *brisi* og *þvagblöðru*. Við getum staðfest truflunina með því að breyta setningunni þannig að við fáum þessa liði í öðru falli, t.d. þolfalli, í þeim tilgangi að athuga hvort óvenjulegi liðurinn lendi einnig í þolfalli:

- (12) *Vegna vandamála sem snerta lungu, bris og þvagblöðru, **krabbamein** eða...*

Við sjáum að Helgi hefur rétt fyrir sér hvað varðar truflandi áhrif annarra liða á fallmörkunina því við fáum þolfall á *krabbamein* fyrir áhrif frá *lungu*, *bris* og *þvagblöðru* sem eru einnig í þolfalli. Heldur ólíklegt væri að einhver myndi nota þágufall í þessari stöðu, en þá myndi setningin líta svona út (stjarnan táknar setningu sem er málfræðilega ótæk):

- (13) *\*Vegna vandamála sem snerta lungu, bris og þvagblöðru, **krabbameini** eða...*

Svo virðist sem þágufall verði oftast fyrir valinu þegar óvenjulegt fall er notað og sést glögglega á dæmum 5-8. Slíkt gerist til að mynda í svokölluðum *eðlilegum* eða *reglubundnum flóttu* en þá er um að ræða setningar þar sem mörgum finnst eðlilegt að nota þágufall í stað eignarfalls. Dæmi:

- (14) a. *Þjálfari unglingsliðsins **skipuðu** leikmönnum yngri en 21 árs.*  
 b. *Nú í haust fer fram landsfundur Alþýðubandalagsins þar sem ræða á stofnun nýs flokks, **byggðum** á grunni þeirra þriggja...*

Hér höfum við lýsingarhætti sem hljóma afar eðlilega í þágufalli og margir myndu eflaust ekki kunna við að heyra í eignarfalli eins og réttast væri málfræðilega séð:

- (15) a. *Þjálfari unglíngalandsliðsins skipaðs leikmönnum yngri en 21 árs.*  
 b. *Nú í haust fer fram landsfundur Alþýðubandalagsins þar sem ræða á stofnun nýs flokks, byggðs á grunni þeirra þriggja...*

Setningar sem þessar eru mjög algengar í máli íþróttafréttamanna og Helgi Skúli kannaði að gamni sínu hversu oft orðasamband eins og í 14a kom fyrir í *Gagnasafni Morgunblaðsins*. Í ljós kom að það fannst 213 sinnum í nefnifalli eða þolfalli (**skipað leikmönnum**), 22 sinnum í þágufalli (**skipuðu leikmönnum**) og aðeins einu sinni í eignarfalli (eignarfallið er hér undirstrikað):

- (16) *Atli Eðvaldsson kynntur sem landsliðsþjálfari landsliðs Íslands skipaðs leikmönnum 21 árs og yngri.*

Af þessu er nokkuð ljóst að setningafræðilegt umhverfi eins og þetta „kallar“ frekar á þágufall en eignarfall.<sup>19</sup>

Í tímaritinu *Tungutak*, sem gefið var út innan veggja *Ríkisútlagsins* fyrir allnokkrum árum, má finna töluvert af dæmum eins og þessum sem Ari Páll Kristinsson, ritstjóri þess, hafði safnað saman um nokkurn tíma. Aðallega eru það orðasambönd með orðinu *tengdur*. Í dæmi 17 sjáum við einmitt dæmi um það og í dæmi 18 gefur að líta sömu setningu eins og hún ætti að vera samkvæmt málfræðireglum. Í dæmi 19 höfum við loks setninguna eftir að hún hefur verið umorðuð en oft er það besta ráðið því setning eins og 18 hljómar fremur klúðurslega þrátt fyrir að hún sé réttust málfræðilega séð:

- (17) *Taka tillit til sérstakra starfa **tengdum** aldri.*  
 (18) *Taka tillit til sérstakra starfa **tengdra** aldri.*  
 (19) *Taka tillit til sérstakra starfa sem **tengjast** aldri.*<sup>20</sup>

Eignarfallsflótti er tiltölulega algengur með forsetningunni *vegna* eins og dæmin hér hafa sýnt. Forsetningin *til* á einnig að stýra eignarfalli en á það til að stýra þolfalli eða þágufalli í máli sumra. Ef leitað er að dæmum á *google.is* þar sem þessar tvær

<sup>19</sup> Helgi Skúli Kjartansson 1999:157

<sup>20</sup> Ari Páll Kristinsson 1995. Fleiri dæmi má sjá í tímaritinu.



forsetningar koma fyrir með eftirfarandi nafnorðum: *aukningu* eða *aukningar*, *eflingu* eða *eflingar*, *styrkingu* eða *styrkingar* kemur í ljós að sjaldgæfari forsetningin, þ.e.a.s. *vegna*, er líklegri til að stýra óhefðbundnu eignarfalli en forsetningin *til*. Eina undantekningin er nafnorðið *efling*, en með því orði stýrði *til* oftast óhefðbundnu eignarfalli. Þegar hefðbundin eignarfallsmynd var slegin inn (*til aukningar*, *vegna aukningar*, *til eflingar*, *vegna eflingar*, *til styrkingar*, *vegna styrkingar*) kom í ljós að *til* stýrði frekar og áberandi oftast hefðbundnu falli.<sup>21</sup>

Hafa ber í huga að þar sem forsetningin *vegna* er mun sjaldgæfari en *til* er líklega erfiðara fyrir fólk að læra að hún stýri eignarfalli. Það gerir það eflaust að verkum að fleiri nota hana með þolfalli eða þágufalli. En þrátt fyrir að *til* sé algengari forsetning fáum við stundum óhefðbundið eignarfall með henni eins og sést í dæmi 20b. Þar er hugsanlega tvennt sem kemur til greina, annars vegar að málhafar samþykki að *skólasetningu* sé hið rétta eignarfall orðsins og hins vegar að þeir viti ekki að forsetningin *vegna* stýri eignarfalli:

- (20) a. *Hann mætti vegna skólasetningu.*  
 b. *Hann mætti til skólasetningu.*

### 2.3 Ásta Svavarsdóttir

Ásta Svavarsdóttir fjallar einnig um eignarfallsflóttu í grein sinni frá árinu 1994. Þar kemur fram að hún er sammála túlkun Helga Skúla svo langt sem hún nær en telur þó að hún dugi ekki til að skýra öll dæmi um eignarfallsflóttu eins og t.d. eftirfarandi:

- (21) a. *Vegna þekkingu okkar á málinu.*  
 b. *Jákvætt samband er á milli lengdar skólaárs og nýtingu á skólatíma annars vegar og árangurs nemenda hins vegar*  
 c. *Nemendur mæti til skólasetningu...*

Hún telur að í sumum tilvikum sé um að ræða breytta eignarfallsmynd. Þessi dæmi hennar falla ekki undir dæmin sem Helgi Skúli tók því allt eru þetta tiltölulega einfaldar og stuttar setningar með einum eða tveimur eignarfallsliðum (að setningu

<sup>21</sup> Helgi Skúli Kjartansson 1999:151-159

21b undanskilinni). Ekki er hægt að leita skýringanna í því að það sé langt á milli fallvaldsins og liðarins sem hann stýrir, að fallvaldurinn standi á eftir liðnum sem hann stýrir né að liðir í öðru falli trufla fallmörkunina. Hér er því ekki að sjá að neitt ætti að trufla fallnotkunina. Setning 21b er aftur á móti flóknari að gerð og inniheldur fjóra eignarfallsliði (*lengdar, skólaárs, nýtingu* og *árangurs nemenda*) sem allir stýrast af sömu forsetningunni, *á milli*. Það sem hins vegar er athyglisvert er að einungis miðliðurinn, þ.e. kvenkynsorðið *nýting*, fær hið nýja eignarfall. Ef þetta væri vegna fjarlægðar frá fallvaldinum ætti hið sama að gerast í síðasta liðnum en sú virðist ástæðan ekki vera. Ásta vill einmitt vekja athygli á því að *-u* eignarfallið kemur einnig fyrir í dæmum sem eru setningafræðilega einföld eins og þessi (sbr. 21a og 21c). Helgi Skúli fjallar aftur á móti ekki um slíkt og því vitum við ekki hverjar hans skýringar eru varðandi þess háttar mál.

Ásta telur að sterk kvenkynsorð með endinguna *-u* í þolfalli og þágufalli eintölu séu almennt að fá breytta eignarfallsendingu (*-u* í stað *-ar*) og að þar sé ekki um eignarfallsflóttu að ræða, heldur aðlögun að hinni algengu veikun beygingu kvenkynsorða. Þar með mætti segja að beygingarflokkurinn í heild væri að laga sig að þessu veika mynstri. Þá virðist eignarfallsendingin *-u* í veikum kvenkynsorðum (t.d. *stelpa*) ýta undir þessa breytingu og „toga til sín“ kvenkynsorð sem hafa endinguna *-u* í þolfalli og þágufalli að mati Ástu.

Eins og ég fjallaði um hér rétt áðan virðast málhafar ekki alltaf gera sér grein fyrir fallstjórn tiltekinna forsetninga. Forsetningin *auk* virðist oft vera á reiki hvað þetta varðar og telur Ásta að fallstjórn hennar sé að breytast en einnig að staða eignarfallsins sé einfaldlega veik í málinu, a.m.k. í vissum orðasamböndum. Helstu rök hennar fyrir hinu síðarnefnda eru að sagnir og forsetningar sem stjórna eignarfalli eru frekar fáar og sumar geta ýmist tekið með sér eignarfallsandlag eða forsetningarlið í sömu merkingu. Í dæmi 22 hér á eftir gefur að líta forsetninguna *auk* sem fallvald og í dæmi 23 eru dæmi um eignarfallsandlag og forsetningarlið í sömu merkingu með sömu sögninni. Forsetningarliðurinn verður yfirleitt fyrir valinu í daglegu tali enda er eignarfallsnotkun með þessum sögnum heldur þunglamalegri og formlegri og hæfir eflaust betur bundnu og formlegu máli.<sup>22</sup>

(22) ...og standi að framboði í nokkrum öðrum kjördæmum, auk **Reykjavík**.

<sup>22</sup> Ásta Svavarsdóttir 1994:7-13

- (23) *bíða e-s* eða *bíða* eftir *e-u/e-m*, *biðja e-s* eða *biðja um e-ð*, *leita e-s* eða *leita að e-u/e-m* eða *leita eftir e-u*, *óska e-s* eða *óska eftir e-u*.

## 2.4 Samantekt

Niðurstöðurnar hér að framan má draga saman í eftirfarandi atriði:

- Eignarfallsflótti virðist tengjast ákveðnum beygingarflokki mjög sterkt, þ.e. sterku kvenkynsorðunum.
- Hann er algengur með eftirfarandi orðum: þeim sem enda á viðskeytinu *-ing* og *-un*, sérnöfnum sem enda á *-björg*, *-laug*, *-rún*, *-veig*, *-ey* og *-ný*.
- Öllum þessum orðum hættir til að fá *-u* í eignarfalli eintölu fyrir áhrif frá eignarfalls *u*-inu í veiku beygingunni.
- Sérnöfn sem enda á *-i* í þolfalli og þágufalli hafa ekki eins sterka tilhneigingu til að fá hið nýja eignarfall.
- Ákveðnar setningafræðilegar aðstæður auka líkurnar á eignarfallsflóttu:
  - Flóknar setningar með mörgum eignarfallsliðum.
  - Langt á milli fallvalds og liðarins sem hann stýrir.
  - Fallvaldurinn stendur á eftir liðnum sem hann stýrir.
  - Liðir í öðru falli standa í námunda við óvenjulega liðinn og kunna að hafa truflandi áhrif á fallmörkun hans.
- Helgi Skúli telur að þetta sé eignarfallsflótti en Ásta Svavarsdóttir telur svo ekki vera. Að hennar mati er um að ræða aðlögun beygingarflokksins að beygingarmynstri veiku beygingarinnar.

### 3. Orðhlutafræði

#### 3.1 Orðasafn og málfræðilegar formdeildir

Eins og fram kom í kafla 2.3 telur Ásta að nýja eignarfallið sé til komið vegna áhrifa frá veikni beygingunni en ástæðurnar má ekki einungis rekja til þess því hið svokallaða þáttakerfi íslenskunnar á sinn þátt í þessum breytingum. Í þessum kafla verður fjallað um hvernig þetta kerfi virkar en áður en við komum að því er rétt að fara aðeins yfir nokkur atriði til að auðvelda skilninginn á því sem koma skal.

Tungumálinu og málkunnáttunni má skipta í tvo meginhluta, annars vegar **orðasafn** sem er safn yfir öll orð sem við kunnum og hins vegar **málkerfi**, þ.e. almennar reglur um notkun og byggingu orðanna. Orðasafnið okkar er n.k. geymsla yfir öll orð sem við kunnum og þar bíða þau uns við þurfum á þeim að halda í okkar daglegu málnotkun. Það má því segja að orðasafnið sé e.k. orðabók þar sem hvert orð hefur sitt hólfi sem bæði hljóðformið og merkingin eru geymd í. Við getum svo flett upp á þessu hólfi, líkt og við flettum upp í orðabók, en orðin í orðasafninu samsvara einmitt uppflettmynd í venjulegum orðabókum, þ.e. nefnifalli eintölu í nafnorðum og nafnhætti í sögnum. Af þessum **orðasafnsmyndum** eigum við að geta leitt aðrar beygingarmyndir orða með því að nota beygingarreglur og hljóðbeygingarreglur. Í flestum tilvikum er beyging nafnorða fyrirsegjanleg út frá orðasafnsmyndinni.<sup>23</sup>

Innan hvers tungumáls á sér stað formleg flokkun sem tekur til nær allra orða af ákveðnum orðflokki. Slík flokkun nefnist **málfræðileg formdeild** og dæmi um slíkt í íslensku er *kyn*, *fall*, *tala* og *tíð*. Það er misjafnt eftir tungumálum hversu margar málfræðilegu formdeildirnar eru. Hver orðmynd getur innihaldið margar formdeildir og mismunandi gildi. Orðmyndin *hestur* getur t.d. innihaldið formdeildirnar *kyn* (karlkyn), *tölu* (eintölu) og *fall* (nefnifall).<sup>24</sup>

#### 3.2 Þáttakerfið

Til að aðgreina mismunandi gildi einstakra formdeilda eru notaðir tvígildir beygingarþættir sem hafa annað hvort plús- eða mínusgildi. Ákveðið gildi formdeildar er notað við mun fjölbreyttari aðstæður en annað eða önnur gildi. Þannig gildi sem

<sup>23</sup> Eiríkur Rögnvaldsson 1990:41-42

<sup>24</sup> Eiríkur Rögnvaldsson 1990:47-50

hefur fjölbreyttari notkun er hlutlaust og fær því -merkingu. Það gildi sem hefur þrengra notkunarsvið, þ.e. andstæðan, verður þá viðmiðunarpóll og fær +merkingu. Þetta nefnist **þáttagreining** og hugtakið **mörkun** tengist henni. Talað er um að tiltekið gildi beygingarformdeildar sé ómarkað gagnvart öðrum gildum og hin gildin séu mörkuð. Ómörkuðu gildin fá -gildi en þau mörkuðu +gildi.<sup>25</sup>

Við notum hið ómarkaða gildi formdeildar þegar munurinn á hinum einstöku gildum ætti ekki að skipta máli. Að auki eru ómörkuð gildi oftast algengari og auðveldara er að læra þau heldur en þau mörkuðu. Til dæmis læra börn fyrst nútíð og síðan þátíð og eintölu á undan fleirtölu og þau læra fyrst nefnifallsmynd orða, t.d. *mamma* á undan *mömmu*. Að auki eru öll orð í orðabókum gefin upp í nefnifalli og öll nöfnin í símaskránni standa einnig í nefnifalli.<sup>26</sup>

Hægt er að greina á milli fallanna fjögurra í íslensku með hjálp eftirfarandi töflu um þáttakerfið:

Tafla 10:

fall	nefnifall	þolfall	þágufall	eignarfall
aukafall	-	+	+	+
djúpfall	-	-	+	+
eignarfall	-	-	-	+

Með þáttakerfi sem þessu er hægt að ná yfir nær alla möguleika á sameiginlegri hegðun tveggja eða fleiri falla. Það felur í sér spá um hvaða beygingarreglur ættu að vera til og eins hvaða reglur ættu ekki að vera til.<sup>27</sup> Í þessu er því fólgin ákveðin kenning um beygingar, þ.e. að beygingarreglur verki í samræmi við sameiginlega beygingarþætti (verður útskýrt með tilvísun í töfluna hér á eftir).<sup>28</sup> Föllin sem eiga eitthvað sameiginlegt setningafræðilega séð draga sig því saman eins og sést á dreifingu formerkjanna í töflunni og við komumst betur að hér á eftir.

Í þáttakerfinu er hægt að greina hvert einasta fall frá öllum hinum föllunum. Nefnifall er einangrað frá hinum með þættinum [-aukafall]. Með því að nota þann þátt

<sup>25</sup> Eiríkur Rögnvaldsson 1990:58

<sup>26</sup> Íslensk beygingar- og orðmyndunarfræði 2006:1-4

<sup>27</sup> Eiríkur Rögnvaldsson 1990:65

<sup>28</sup> Íslensk beygingar- og orðmyndunarfræði 2006:1-4

útilokum við aukaföllin og eftir stendur aðeins nefnifallið. Við einangrum þolfallið með þáttunum [+aukafall, -djúpfall]. Með því að segja [+aukafall] útilokum við nefnifallið og þá eigum við aðeins eftir að útiloka þágufall og eignarfall og það gerum við með þættinum [-djúpfall] því bæði þágufall og eignarfall eru [+djúpfall]. Til að einangra þágufallið notum við þættina [+djúpfall, -eignarfall]. Með því að nota þáttinn [+djúpfall] erum við strax búin að útiloka nefnifall og þolfall og með þættinum [-eignarfall] útilokum við eignarfallið. Að síðustu einangrum við svo eignarfallið og til þess þarf aðeins einn þátt, þ.e. [+eignarfall].

Með hjálp töflunnar um þáttakerfið sjáum við að nefnifall er ómarkað gagnvart þolfalli, þágufalli og eignarfalli og hefur því oft aðra endingu en hin föllin. Því ætti, samkvæmt þáttakerfinu, að vera til beygingarregla sem verkar aðeins í aukaföllunum þar sem þau eru [+aukafall]. Slíkt gerist í eintölu veikra kvenkyns- og karlkynsorða eins og t.d. *hani* og *kisa* og sést í eftirfarandi töflu:

Tafla 11:

et.	nf.	hani	kisa
	þf.	<b>hana</b>	<b>kisu</b>
	þgf.	<b>hana</b>	<b>kisu</b>
	ef.	<b>hana</b>	<b>kisu</b>

Kerfið spáir einnig að það ætti að vera til beygingarregla sem verkar í nefnifalli og þolfalli annars vegar og þágufalli og eignarfalli hins vegar. Slíkt sjáum við gerast í eintölu og fleirtölu sterkra hvorugkynsorða, fleirtölu veikra hvorugkynsorða og fleirtölu sterkra og veikra kvenkynsorða:

Tafla 12:

et.	nf.	sterk:	<b>barn</b>	<b>börn</b>	<b>rósir</b>	veik:	<b>eyru</b>	<b>tölur</b>
	þf.		<b>barn</b>	<b>börn</b>	<b>rósir</b>		<b>eyru</b>	<b>tölur</b>
	þgf.		barni	börnum	rósum		eyrum	Tölum
	ef.		barns	barna	rósa		eyrna	Talna

Við sjáum að nefnifall og þolfall eru eins en þágufall og eignarfall eru aftur á móti ekki eins þrátt fyrir að þau séu bæði [+djúpfall]. Ástæðan fyrir þessu er í raun sú að ef

þágufall og eignarfall eru eins þá fylgir þolfallið alltaf með líka, sbr. veik karlkyns-, kvenkyns- og hvorugkynsorð eins og *fáni*, *tala* og *eyra* (sjá töflu 1 í kafla 2.1). Þegar svo vill til erum við komin með það sem fjallað var um áðan, þ.e. að nefnifall er oft með sér endingu andspænis aukaföllunum.

Eignarfallið sker sig oft úr hvað beygingarendingar varðar enda ætti samkvæmt þáttakerfinu að vera til beygingarregla sem verkar í nefnifalli, þolfalli og þágufalli en ekki í eignarfalli þar sem þau eru öll [-eignarfall]. Slíkt gerist í sterku kvenkynsorðunum. Mörg orð innan þess flokks beygjast eins í þessum þremur föllum (þó ekki þau sem enda á viðskeytinu *-ing* líkt og fjallað var um í kafla 2.1). Dæmi:

Tafla 13:

et.	nf.	<b>bók</b>
	þf.	<b>bók</b>
	þgf.	<b>bók</b>
	ef.	bókar

Margir vilja einmitt heimfæra þessa beygingu yfir á kvenkynsorðið *kýr* og búa þar með til nýja og einfaldari beygingu fyrir þetta orð og segja: **kú – kú – kú – kúar**. Hin viðurkennda beyging þessa orðs er aftur á móti: *kýr – kú – kú – kýr*. Til að ná yfir þá beygingu með þáttakerfinu notum við þættina [+aukafall, -eignarfall] en til að ná utan um nýju beyginguna þurfum við aðeins einn þátt, þ.e. [-eignarfall]. Hér verður því ákveðin einföldun líkt og verður í orðum eins og *drottning* og fjallað verður nánar um í kafla 3.3.

Þáttakerfið spáir rétt fyrir um að það ætlu ekki að vera til nein dæmi um að sama reglan verki í nefnifalli, þolfalli og eignarfalli en ekki þágufalli. Ef þessi þrjú föll eru eins þá fylgir þágufallið alltaf með, sbr. veik hvorugkynsorð eins og *eyra*, *hjarta*, *lunga* o.fl. Í slíkum orðum eru öll föllin eins í eintölu líkt og sést hér að neðan:

Tafla 14:

et.	nf.	hjarta
	þf.	hjarta
	þgf.	hjarta
	ef.	hjarta

Kerfið spáir einnig rétt fyrir um að það ættu ekki að vera til nein dæmi um að þolfall og eignarfall hagi sér eins andstætt hinum föllunum, enda kemur það varla fyrir nema í fleirtölu karlkynsorða sem hafa fleirtöluendinguna *-ar* í nefnifalli, bæði í veikri og sterkri beygingu.<sup>29</sup> Hér fyrir neðan má sjá eitt slíkt dæmi:

Tafla 15:

ft.	nf.	hestar
	þf.	<b>hesta</b>
	þgf.	hestum
	ef.	<b>hesta</b>

Þáttakerfið býður ekki heldur upp á að nefnifall og eignarfall hagi sér eins andstætt þolfalli og þágufalli, enda kemur það varla fyrir nema í orðunum *ær*, *kýr* og *sýr*. En þessi orð eru orðin afar sjaldgæf í okkar máli.<sup>30</sup> Einmitt sökum þess hve sjaldgæf þau eru, beygja málhafar þau oft á annan veg en almennt er viðurkennt, þ.e. leitast við að einfalda beygingu þeirra eins og ég nefndi hér að ofan varðandi orðið *kýr*. Hér fyrir neðan má sjá dæmi um beygingu þessara fátíðu orða.

Tafla 16:

et.	nf.	kýr	ær	sýr
	þf.	kú	á	sú
	þgf.	kú	á	sú
	ef.	kýr	ær	sýr

<sup>29</sup>Það vill þannig til að þolfall og eignarfall fleirtölu eru eins í mörgum sterkum karlkynsorðum en það mun vera tilviljun því *-a* er algild ending í eignarfalli fleirtölu (sú regla er mun víðtækari og verkar í langflestum nafnorðum í íslensku) og það eru engin tengsl milli hennar og *-a* í þolfalli (sú regla sem gefur *-a* í þolfalli verkar aðeins í karlkynsorðum).

<sup>30</sup>Eiríkur Rögnvaldsson 1990:64-65 og Íslensk beygingar- og orðmyndunarfræði 2006:1-4



### 3.3 Þáttakerfið sem útskýring á óhefðbundnu eignarfalli

Þáttakerfið virkar á þann hátt að því auðlærðari sem beygingarreglan er því færri þætti þarf til að tákna hana. Til að tákna orð eins og *drottning* þarf tvo þætti, [+aukafall, -eignarfall], þ.e.a.s. til að tákna þolfall og þágufall sem enda á *-u*. En eftir að orðið hefur fengið hið nýja eignarfall, *drottningu*, til samræmis við þolfall og þágufall eins og fjallað var um í kafla 2.1, þarf aðeins einn þátt, þ.e. [+aukafall]. Hér er því á ferðinni talsverð einföldun sem á augljóslega rætur í þessu kerfi. Við höfum því tvær ólíkar nálganir á hið nýja eignarfall, annars vegar áhrifin frá veiku beygingunni eins og fjallað var um í kafla 2.3 og hins vegar áhrif sem þessi frá þáttakerfinu. Við sjáum því að beygingin hefur ákveðna tilhneigingu til að breytast og samræmast þáttakerfinu.

Í kafla 2.1 fjallaði ég um sérnöfn eins og *Margrét* sem fá *-i* í þolfalli og þágufalli en hafa einhverra hluta vegna ekki eins sterka tilhneigingu til að fá nýja eignarfallið eins og sterku kvenkynsorðin. Ef raunin væri sú að sterk kvenkynsorð fengju ávallt hið nýja eignarfall ætti hið sama að gilda um sérnöfn og orð sem fá *-i* í þolfalli og þágufalli. Ef þannig væri í pottinn búið væri líklega einungis um áhrif frá þáttakerfinu að ræða en ekki áhrif frá veiku beygingunni líka. Við sjáum því að það er fleira en þáttakerfið sem býr undir hvað þetta varðar.

Í kafla 2.1 fjallaði ég um orð sem enda á *-un* og að þau ættu það einnig til að taka upp nýja eignarfallið. Við það einfaldast beygingin svo um munar því hún verður eins í öllum föllum eintölu. Þessu svipar nokkuð til einföldunarinnar sem verður í orðinu *drottning* að því undanskyldu að í þessu tilviki fækkar beygingarþáttunum úr tveimur í engan. Í stað þess að tákna beyginguna með [+aukafall, -eignarfall] þarf engan þátt til að tákna hana því við höfum engan þátt til að tákna beygingu sem er eins í öllum föllum. Það er því nokkuð ljóst að þannig reglur er auðveldast að tákna.

### 3.4 Áhrifsbreytingar

Eins og ég nefndi í kafla 2.1 er breyting á beygingu orða eins og *drottning* dæmi um áhrifsbreytingu. Íslenskan hefur einmitt þurft að lúta í lægra haldi fyrir hinum ýmsu málbreytingum í aldanna rás. Slíkum breytingum má í meginatriðum skipta í tvennt: *hljóðbreytingar* og *áhrifsbreytingar*.<sup>31</sup>

Hljóðbreytingar eru hljóðkerfisfræðileg fyrirbæri og nær alltaf undantekningarlausar. Áhrifsbreytingar eru aftur á móti beygingarfræðileg fyrirbæri (eða orðmyndunarfyrirbæri) sem hafa ekki hljóðfræðileg skilyrði og eru mjög oft tilviljunarkenndar.<sup>32</sup> Ef málbreytingar eru ekki undantekningalausar hljóðbreytingar eru þær yfirleitt áhrifsbreytingar (analógía). Þær eru flokkaðar eftir því hvort þær eru kerfisbundnar eða ókerfisbundnar.<sup>33</sup> Kerfisbundnar áhrifsbreytingar eru frekar óreglulegar og valda því oftast að orðmyndir sem eiga eitthvað sameiginlegt beygingarlega, setningafræðilega eða merkingarlega verða líkari í framburði og beygingu. Þær greinast í *útfjöfnun beygingardæmis* og *hlutfallsbundnar áhrifsbreytingar*.<sup>34</sup>

Útfjöfnun kallast það þegar víxlum innan beygingardæmis er útrýmt svo hún verði reglulegri. T.d. var 1. persóna eintala af sögninni *vera* breytt úr *em* í *er* (þá var *r*-ið alháft) svo úr varð reglulegri beyging eins og sjá má í eftirfarandi töflu:

Tafla 17:

1.p.et.	em	→	er
2.p.et.	ert		
3.p.et.	er		
1.p.ft.	erum		
2.p.ft.	eruð		
3.p.ft.	eru		

<sup>31</sup> Nánar má lesa um hljóðbreytingar í bókinni *Norrøn grammatikk* eftir Ragnvald Iversen.

<sup>32</sup> Kristján Árnason 2005:322

<sup>33</sup> Ókerfisbundnar áhrifsbreytingar eiga aðeins við eitt eða tvö orð í einu. Þær skiptast í blöndun og umtúlkunar (nánar má lesa um ókerfisbundnar áhrifsbreytingar í bókinni *Norrøn grammatikk* eftir Ragnvald Iversen).

<sup>34</sup> Kristján Árnason 2005:322

Hlutfallsbundin áhrifsbreyting kallast það þegar virk/algeng beygingarmynstur hafa áhrif á önnur. Þá er yfirleitt hermt eftir heilu mynstri en ekki einstöku orði. Hér eru því utanaðkomandi áhrif á ferðinni þar sem tiltekið beygingarmynstur breiðist út. Slíkt höfum við séð hjá sterku kvenkynsorðunum (sem fá *-u* í þolfalli og þágufalli eintölu) þegar þau taka upp beygingarmynstur veiku orðanna eins og fjallað var um í kafla 2.1. Í raun er því um að ræða samræmingu heilu beygingarflokkanna eins og Ásta fjallaði um í grein sinni. Við sjáum að eftir slíka samræmingu er sterka beygingin orðin afar svipuð og sú veika hvað beygingarendingar varðar.<sup>35</sup>

Tafla 18:

nf.	breyting	stelpa
þf.	breyting- <b>u</b>	stelp- <b>u</b>
þgf.	breyting- <b>u</b>	stelp- <b>u</b>
ef.	breyting- <b>u</b>	stelp- <b>u</b>

Í beygingakerfi sérhvers tungumáls gefur að líta svokallað *grunnmynstur* sem einkennir beygingakerfi tungumálsins. Í þessu samhengi er oft talað um *kerfislegan eðlileika* en í því felst að beygingakerfið hefur ákveðna tilhneigingu til að ná sem bestu kerfislegu samræmi í öllum beygingarformdeildum. Eftir því sem beygingarmynstur er í betra samræmi við grunnmynstrið því eðlilegra telst það (þ.e.a.s. í beygingakerfi þess tungumáls). Þau beygingarmynstur sem eru ekki í samræmi við grunnmynstur kerfisins hafa tilhneigingu til að renna saman við önnur mynstur sem samræmast betur grunnmynstrinu.<sup>36</sup>

Við getum e.t.v. litið á veiku kvenkynsorðin sem grunnmynstur kvenkynsnafnorðabeygingarinnar. Í mastersritgerð Ástu Svavarsdóttur kemur fram að ný kvenkynsorð sem koma inn í málið, þ.e. tökuorð<sup>37</sup> og a.m.k. sum nýyrði, fá yfirleitt ekki sterka beygingu. Þetta gætu hugsanlega verið ein rök fyrir því að veiku kvenkynsorðin séu grunnmynstrið. Ásta komst að þessu eftir að hún hafði tekið saman

<sup>35</sup> Kristján Árnason 2005:322

<sup>36</sup> Haraldur Bernharðsson 2005:27. Þess ber þó að geta að sterku kvenkynsorðin sem eru að breytast eru í samræmi við grunnmynstur sterkra kvenkynsorða; m.ö.o. er ekkert óreglulegt við endinguna *-ar* í eignarfalli eintölu orða eins og *drottning*.

<sup>37</sup> Tökuorð eru orð sem fengin hafa verið að láni úr öðrum tungumálum og hafa lagað sig að hljóð- og beygingakerfi viðtökumálsins.

öll nafnorð sem hægt var að flokka sem tökuorð eða nýmyndanir úr orðabók Marðar Árnasonar frá árinu 1982.<sup>38</sup> Slík orð fara frekar í flokk veikra kvenkynsorða því sá flokkur er mun opnari fyrir nýjum orðum heldur en sá sterki og beygingarendingar hans eru mun einfaldari. Nokkur nærtæk dæmi eru *pítsa* (*pítsa – pítsu – pítsu – pítsu*), *kirkja* (*kirkja – kirkju – kirkju – kirkju*) og *dúkka* (*dúkka – dúkku – dúkku – dúkku*).

Ásta komst að því að þegar ný orð skipast í smærri flokka hafa þau yfirleitt eitthvert áberandi sameiginlegt einkenni, oftast viðskeyti og að í beygingarflokki tökuorða eru mjög fá kvenkynsorð sem beygjast sterkt sem bendir til þess að ný kvenkynsorð fái sjaldan sterka beygingu nema fyrir því séu gild rök.

Beygingarreglur eru misvirkar og flokkarnir misopnir fyrir nýjum orðum en Ásta vakti athygli á að það væri ýmislegt sem benti til þess að andstæðan væri ekki einungis milli virkra og óvirkra reglna eða opinna og lokaðra flokka, heldur væri um einhvers konar innbyrðis veldisskipan milli þeirra að ræða og hana mætti túlka sem mismunandi stig mörkunar. Hún bætti við að sumar reglur virtust þannig verka við viss skilyrði, t.d. í orðum sem hafa ákveðna stofngerð, þótt þær séu ekki mjög almennar í nýjum orðum og hugsanlegt væri að líta frekar á þær sem virkar en markaðar. Aðrar reglur verka í stórum hluta nýyrða, burtséð frá því hvort þau hafa sameiginleg einkenni önnur en kyn og orðasafnsmynd, þ.e.a.s. sömu endingu. Þær virðast því vera bæði virkar og ómarkaðar.<sup>39</sup>

Við skulum nú snúa okkur aftur að umræðunni um grunnmynstrið og eðlileikann. Eðlileiki annarra mynstra ræðst af því hversu vel þau samræmast grunnmynstrinu, þ.e.a.s. kerfissamræmið. Því líkara sem tiltekið mynstur er grunnmynstrinu þeim mun eðlilegra telst það og þar af leiðandi líklegra til að varðveitast í beygingakerfinu. Að sama skapi er hætt við að mynstur sem samræmast illa grunnmynstrinu taki breytingum og verði smám saman líkari grunnmynstrinu eða samhljóða því.<sup>40</sup>

Veika beygingin er þannig líklegri til að varðveitast í beygingakerfinu sem hún og gerir því sterku orðin virðast, eins og fjallað hefur verið rækilega um, vera að taka upp beygingarmynstur hennar (a.m.k. þau sem hafa *-u* í þolfalli og þágufalli, sbr. *-ing* orðin). Því mætti e.t.v. álykta að hin sterka kvenkynsbeyging þessara orða samræmdist fremur illa þessu grunnmynstri og tekur því í kjölfarið umræddum

<sup>38</sup> *Orðabók um slangur, slettur, bannorð og annað utangarðsmál.*

<sup>39</sup> Ásta Svavarsdóttir 1987:181-185

<sup>40</sup> Haraldur Bernharðsson 2005:27

breytingum og verður að lokum líkara grunnmynstrinu. Það má því segja að innan beygingakerfisins sé stöðug tilhneiging til að viðhalda kerfissamræminu.

Sögnin *vilja* hefur gengið í gegnum álíka breytingar og þau sterku kvenkynsorð sem hér hafa verið til umfjöllunar að því leyti að þar á sér stað svipuð einföldun. Þessi sögn hefur fengið tvímyndir í 1. persónu eintölu í framsöguhátt nítíðar í germynd, þ.e. bæði *ég vil* og *ég vill*. Hin viðurkennda notkun sagnarinnar er sú að í 1. persónu er sagt *ég vil*, 2. persónu *þú vilt* en í 3. persónu *hann vill*. Það sem gerist er að 1. persóna eintölu framsöguháttar nítíðar í germynd fær sama form og 3. persóna (*vill*) þannig að úr verður *ég vill*. Einnig breytist þetta stundum í gagnstæða átt þar sem 3. persóna fær sama form og 1. persóna (*vil*) þannig að úr verður *hann vil* en það er miklu sjaldgæfara. Þetta er dæmi um málbreytingu sem er að eiga sér stað um þessar mundir. Hér á sér því aftur stað einföldun líkt og í orðinu *drottning*, þ.e. beygingarmyndum fækkar. Í stað þriggja ólíkra beygingarmynda (*vil*, *vilt* og *vill*) kemur eintölubeyging með tveimur ólíkum myndum (2. persóna *vilt* andspænis annað hvort 1./3. persónu *vill* eða 1./3. persónu *vil*). Þessar breytingar á nítíðarbeygingu sagnarinnar *vilja* eru af sama toga og þær breytingar sem sögnin *vera* gekk í gegnum á fyrri hluta 14. aldar og sýndar voru hér að ofan (tafla 17). Eins og áðan þýðir þetta færri beygingarþætti en áður til að aðgreina ólíkar beygingarmyndir í eintölunni (sbr. *-ing* orðin).<sup>41</sup>

Til er samskonar þáttakerfi fyrir persónur líkt og til er fyrir föllin þar sem hægt er að greina á milli allra þriggja persónanna. Eins og í þáttagreiningatöflunni í kafla 3.2 fela þessar þáttamerkingar í sér ákveðna spá. Samkvæmt því mætti búast við að 1. og 3. persóna höguðu sér stundum eins líkt og við höfum séð gerast með sögnina *vilja* hér að ofan því þær eru báðar [-2. persóna].<sup>42</sup> Hér fyrir neðan má sjá tvær töflur, hin fyrri sýnir einföldunina sem sögnin *vilja* verður fyrir og hin sýnir þáttakerfi persónanna.

Tafla 19:

1.p.et	vill	/	vil
2.p.et.	vilt	/	vilt
3.p.et.	vill	/	vil

<sup>41</sup> Haraldur Bernharðsson 2005:27

<sup>42</sup> Eiríkur Rögnvaldsson 1990:60

Tafla 20:

	1. persóna	2. persóna	3. persóna
1. persóna	+	-	-
2. persóna	-	+	-

Einföldunin sem um ræðir í töflu 19 er, eins og áður segir, af svipuðum toga og einföldunin á orðinu *drottning* í þáttakerfi fallanna og var til umræðu í kafla 3.3. Til að tákna *vill* í 1. persónu og 3. persónu af sögninni *vilja*, þarf þættina [-2. persóna] en til að tákna *vill* aðeins í 3. persónu þarf fleiri þætti, þ.e. [-1. persóna, -2. persóna]. Mun einfaldara er því að segja að eitthvað tiltekið gerist í 1. persónu og 3. persónu heldur en einungis í 3. persónu alveg eins og það er einfaldara að setja fram beygingarreglu sem verkar eins í aukaföllunum (sbr. *drottning*).

### 3.5 Tengsl áhrifsbreytinga við barnamál

Börn tileinka sér hina ómörkuðu mynd orða fyrst allra á máltökuskeiði, sbr. nefnifallið eins og ég nefndi í kafla 3.2. Litið er á 3. persónu eintölu sem ómarkaða gagnvart öðrum myndum í beygingardæmi sagna. Ástæðurnar sem liggja þar að baki eru þær að aðeins eitt orð, þ.e. *ég* og beygingarmyndir þess, hafa 1. persónu sem orðasafnsþátt og eitt annað orð, þ.e. *þú*, hefur 2. persónu sem orðasafnsþátt. Öll önnur fornöfn og nafnorð hafa 3. persónu sem orðasafnsþátt. Að auki fá sagnir persónu sína frá frumlaginu og þegar frumlagið stendur í aukafalli samræmist sögnin aldrei persónu þess, heldur stendur alltaf í 3. persónu, algjörlega óháð persónu frumlagsins. Hin ómarkaða 3. persóna er táknuð sem [-1. persóna, -2. persóna] í stað [+3. persóna].<sup>43</sup>

Þar sem 3. persónan er ómörkuð tileinka börn sér hana fyrr en aðrar beygingarmyndir. Sú persóna er því e.k. grundvallarmynd sem börnin leggja upp með þegar þau byrja að mynda aðrar persónur á máltökuskeiði sínu. Af þessum sökum (og reyndar vegna þáttakerfisins, sbr. tafla 20) er tiltölulega algengt að 1. persóna fái form 3. persónu í máli barna. Þegar þau mynda 1. persónu bæta þau endingu hennar við stofn 3. persónu myndarinnar eins og sjá má á eftirfarandi setningum:<sup>44</sup>

<sup>43</sup> Eiríkur Rögnvaldsson 1990:60-61

<sup>44</sup> Haraldur Bernharðsson 2005:27

- (24) a. Ég **dettur** (1.p.et.) ekki.  
 b. Ég **dettur** (1.p.et.) á bossann.  
 c. Ég **finnur** (1.p.et.) ekki boltann.  
 d. Ég **vill** (1.p.et.) ekki svona.

Fljótt á litið virðast þessi dæmi vera sama eðlis og málnotkunin *ég vill* í stað *ég vil* en sagnmyndir eins og þær í dæminu hér að ofan eru aðeins tímabundnar í máli barna og hverfa áður en máltökuskeiði þeirra lýkur og við taka 1. persónu myndirnar (*dett*, *finn*, *má*, á o.s.frv.). Sögnin *vilja* virðist hins vegar hafa einhvers konar sérstöðu innan sagnkerfisins því það virðist vera rík tilhneiging til að nota 3. persónu mynd þessarar sagnar í 1. persónu eftir að máltökuskeiðinu lýkur eins og fram kom hér að ofan.

Haraldur telur ekki ólíklegt að rót þessara breytinga í eintölubeygingu sagnarinnar *vilja* megi rekja til flókinna stofnvíxla hennar og að börn á máltökuskeiði leitist ómeðvitað við að einfalda eintölubeygingu þessarar sagnar með því að fækka stofnmyndum og um leið ólíkum beygingarmyndum. Eins og áður segir fáum við með þessu eintölubeygingu með tveimur ólíkum myndum í stað þriggja. Stofn sagnarinnar má sjá hér að neðan:

Tafla 21:

1.p.et.	vil
2.p.et.	vilt
3.p.et.	vill

Út frá samtímalegu sjónarmiði mætti ætla að við stofninn í 3. persónu, þ.e. *vill-* bætist núllending (-Ø). Í 1. persónu er aftur á móti annar stofn á ferðinni, þ.e. *vil-*, sem fær líka endinguna -Ø. Ekki er alveg ljóst hvor þessara stofna liggur til grundvallar í 2. persónu þar sem endingin *-t* bætist við. Það gæti verið *vil-* eins og í 1. persónu eða *vill-* eins og í 3. persónu enda birtist [tl] í enda stofns yfirleitt sem [l] á undan endingunni *-t* (sbr. karlkynslýsingarorðið *holl-ur*, kvenkynslýsingarorðið *holl-Ø* og hvorugkynslýsingarorðið *holl-t*).<sup>45</sup>

Málbreytingar ná því ekki aðeins til flókinna og sjaldgæfra atriða heldur einnig til tiltölulega einfaldra atriða. Það lítur t.a.m. ekki út fyrir að vera sérstaklega flókið að

<sup>45</sup> Haraldur Bernharðsson 2005:27

læra að 1. persóna eintala af sögninni *vilja* er *vil* en 3. persóna er *vill* rétt eins og það er auðvelt að læra að 1. persóna af *koma* er *kem* og 3. persóna er *kemur*. Að sama skapi virðist ekki vera flókið að læra að kvenkynsorð sem enda á *-ing* fá endinguna *-ar* í eignarfalli eintölu því sú ending er dæmigerð eignarfallsending sterkra kvenkynsorða (sbr. *rós – rós – rós – rósar*). Þó virðist þetta vera flóknara en svo því endingin *-u* sækir mjög á sem eignarfallsending þessara orða.

Hvað börn og máltöku þeirra varðar má ætla að málbreyting verði þegar barn túlkar rangt þær upplýsingar sem það fær og „sér“ ástæðu til að telja þá túlkun sína rétta. Viðkomandi málbreyting birtist síðan í málbeitingu þess. Því mætti velja því fyrir sér hvort það búi ekki eitthvað röklegt á bak við breytingar sem þessar. Hér á eftir fjalla ég einmitt um hvernig börn virðast búa sér til e.k. reglur sér til leiðsagnar á máltökuskeiðinu.<sup>46</sup>

Ef beygingarreglurnar sem Eiríkur Rögnvaldsson setur fram eru skoðaðar sést að reglan sem setur aukafallsendinguna *-a* á öll veik karlkynsorð er sett fram með eftirfarandi hætti:  $\#X-i\# \rightarrow \#X-a$ . Þetta þýðir að reglan breytir t.d. *krani* í *krana* (þf., þgf. og ef.et.).<sup>47</sup> Þetta er hins vegar ekki svona einfalt þegar kemur að sterku kvenkynsorðunum því eins og kom fram í kafla 2.1 eru endingar í eignarfalli eintölu þrjár, *-ar* (*nálar*), *-ur* (*móður*) eða *-r* (*ár*) og endingar nefnifalls og þolfalls fleirtölu eru einnig þrjár, *-ar* (*nálar*), *-ir* (*sólin*) eða *-ur* (*mæður*). Við sjáum að *-ar* endingin er ráðandi í eignarfalli eintölu og því kemur það talsvert á óvart að slík ráðandi ending skuli víkja fyrir annarri (þ.e.a.s. *-u* endingunni) sem ekki hefur verið til nema í veikum kvenkynsorðum.<sup>48</sup>

Hugsanlegt er að tíðni eignarfalls hafi eitthvað með þetta að gera enda er eignarfall sjaldgæfasta fallið samkvæmt *Íslenskri orðtíðnibók*, eða aðeins um 10%. Hin föllin eru um 30% hvert. Þetta gæti e.t.v. þýtt að fallinu bregði svo sjaldan fyrir að börn á máltökuskeiði missi af upplýsingum um það. Það myndi þýða að þau þyrftu að geta sér til um endinguna út frá öðrum gögnum sem berast. Þar sem *-ar* endingin er algengust í eignarfalli eintölu sterkra kvenkynsorða liggur beinast við að álykta að börn fylli í „eignarfallseyðuna“ með endingunni *-ar* en sú er nú aldeilis ekki raunin.<sup>49</sup>

<sup>46</sup> Margrét Guðmundsdóttir 2002:85-91

<sup>47</sup> Eiríkur Rögnvaldsson 1986:81-101

<sup>48</sup> Margrét Guðmundsdóttir 2002:85-91

<sup>49</sup> Margrét Guðmundsdóttir 2002:85-91



Ef við skoðum beygingu allra kvenkynsnafnorða í töflu 1 í kafla 2.1 kemur í ljós að þrjú föll fylgjast alltaf að í eintölunni, þ.e. fá sömu endingu eða eru endingarlaus. Nefnifall, þolfall og þágufall eru eins í sterku beygingunni, þ.e. endingarlaus (sbr. *rós*, *sól*, *bók*) en í veiku beygingunni eru aukaföllin alltaf eins, þ.e. þolfall, þágufall og eignarfall. Þau fá alltaf endinguna *-u* (sbr. *kona*, *saga*, *tunga*). Það er vel hugsanlegt að börn noti þetta sér til leiðsagnar á máltökuskeiðinu og búi sér til e.k. „reglur“ til að styðjast við þegar þau þurfa að geta sér til um fallmyndir út frá óbeinum upplýsingum. Ein reglan gæti hljómað þannig að ef nefnifall og þolfall eru eins þá er þágufallið það líka og ef nefnifall og þolfall eru ólík þá eru hin föllin eins og þolfallið, þ.e.a.s. þolfall, þágufall og eignarfall eru eins. Um leið og þau sjá að nefnifall og þolfall hafa ólíkar endingar í orðunum sem enda á *-ing* draga þau þá ályktun að þágufall og eignarfall séu eins og þolfallið, þ.e. fái *u-* endingu. Einnig spilar veika beygingin eflaust stórt hlutverk eins og fjallað var um í kafla 2.3 og einnig sú staðreynd að endingin *-u* er tiltölulega sjaldgæf í sterku kvenkynsorðunum, þ.e. kemur aðeins fyrir sem þolfalls- og þágufallsending í *-ing* orðunum og áðurnefndum sérnöfnum. Ef *-u* endingin kemur á annað borð fyrir í beygingunni er meginreglan sú að hún sé í öllum aukaföllunum eins og veika beygingin gefur til kynna og því heimfærist það oft yfir á sterku orðin.<sup>50</sup>

Börn þurfa því augljóslega að læra eignarfallið sérstaklega til að vita að þar eigi að koma endingin *-ar*. Ef við setjum okkur í spor barns á máltökuskeiði sem sér aðeins þolfall og þágufall af orðinu *drottning* skal engan undra að það skuli álykta að endingin *-u* sé [+aukafall] út frá þáttakerfinu. Þar af leiðandi setur barnið þá endingu í eignarfallið líka. Slík ályktun er a.m.k. mjög rökrétt því hvernig ætti litlu barni að detta í hug að hér vanti þáttinn [-eignarfall]. Þetta er atriði sem barn þarf að læra sérstaklega þegar líður á máltökuna.

---

<sup>50</sup> Margrét Guðmundsdóttir 2002:85-91

### 3.6 Samantekt

Niðurstöðurnar hér að framan má draga saman í eftirfarandi atriði:

- Nýja eignarfallið er dæmi um áhrifsbreytingu.
- Hana má að hluta til rekja til áhrifa frá þáttakerfinu þar sem beygingin hefur ákveðna tilhneigingu til að breytast og samræmast kerfinu með tilheyrandi fækkun beygingarþátta.
- Því auðlærðari sem beygingarregla er því færri þætti þarf til að tákna hana, þ.e.a.s. auðveldara er að tákna reglu sem verkar í aukaföllunum en reglu sem verkar einungis í þolfalli og þágufalli.
- Sú staðreynd að það fá ekki öll sterk kvenkynsorð nýja eignarfallið gefur vísbendingu um að þar séu einnig á ferðinni áhrif frá veiku beygingunni.
- Veika beygingin er talin vera grunnmynstur kvenkynsnafnorðabeygingarinnar sem sterku orðin virðast vera að samræmast meira og meira.

#### 4. Könnun á eignarfallsflóttu

Könnunin skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn inniheldur samtals þrjátíu setningar, þar af eru tíu sem tengjast rannsóknarefninu beint. Hinar tuttugu eru notaðar til uppfyllingar og koma rannsóknarefninu ekkert við. Uppfyllingarsetningarnar eru af þremur gerðum og skiptast nokkuð jafnt á milli þess að vera setningar sem allir myndu samþykkja, setningar sem enginn myndi samþykkja og setningar sem teljast vafasamar. Þær tíu sem tengjast efninu beint voru valdar þannig að hver um sig inniheldur eitt þeirra atriða sem verið var að kanna, þ.e. orð sem endar á viðskeytinu *-ing*, orð sem endar á viðskeytinu *-un* og sérnafn sem endar annars vegar á *-i* í þolfalli og þágufalli og hins vegar sérnafn sem endar á *-u* í þessum föllum. Á eftir orðinu sem verið var að kanna kom ýmist eignarfallsruna, forsetningarliður eða ekkert.

Setningarnar mynda s.k. pör, þ.e. tvær og tvær setningar sem eru líkar setningafræðilega séð en innihalda mismunandi orð (t.d. *sýning* á móti *spilling* í hinni). Öllum setningunum þrjátíu var að lokum blandað vel saman. Þátttakendur voru beðnir um að lesa hverja setningu upphátt til að tryggja að hún væri lesin rétt og meta svo út frá eigin máltilfinningu hvort hún væri *góð* (þ.e. að svona væri vel hægt að segja = já), *vafasöm* (þ.e. að svona væri tæplega hægt að segja = ?) eða *ómöguleg* (þ.e. að svona væri ekki hægt að segja, s.s. ótæk setning = nei).

Í síðari hlutanum eru svokölluð lágmarkspör, þ.e. tvær og tvær setningar sem eru nákvæmlega eins að því undanskyldu að önnur er með hefðbundnu eignarfalli en hin með óhefðbundnu. Í þessum hluta voru þátttakendur beðnir um að meta út frá eigin máltilfinningu hvor setningin í hverju pari hljómaði betur, burtséð frá því hvor þeirra teldist málfræðilega rétt. Einnig var leyfilegt að samþykkja báðar, neita báðum eða telja báðar vafasamar, allt eftir máltilfinningu hvers og eins. Markmiðið var að fá þátttakendur til að meta setningarnar hlutlaust hvað málfræðina varðar. Í þessum hluta, líkt og í hinum fyrri, voru setningar til uppfyllingar og hér voru það sjö pör sem var blandað saman við hinar.

## 4.1 Niðurstöður

Í þessum undirkafla verður fjallað um helstu niðurstöður könnunarinnar. Ég mun byrja á að fjalla um hluta tvö vegna þess að hann gefur að mínu mati skýrari niðurstöður auk þess sem auðveldara er að lesa úr þeim hluta. Hér fyrir neðan er tafla sem inniheldur allar setningarnar úr hluta tvö.

Tafla 22: Tíðni setninga úr hluta 2

Nr.	Setning:	Já	?	Nei
1a	Verkið tefst vegna <b>lagningar</b> Sundabrautar.	5	2	1
1b	Verkið tefst vegna <b>lagningu</b> Sundabrautar.	4	1	3
2a	Veitt voru vegleg verðlaun vegna <b>þekkingar</b> nemandans.	4	1	3
2b	Veitt voru vegleg verðlaun vegna <b>þekkingu</b> nemandans.	4	1	3
3a	Sérstöku átaki verður hrundið af stað vegna <b>fjölgunar</b> banaslysa í umferðinni.	7	1	0
3b	Sérstöku átaki verður hrundið af stað vegna <b>fjölgun</b> banaslysa í umferðinni.	3	1	4
4a	Hann hefur ýmislegt gáfulegt fram að færa vegna <b>þekkingar</b> á málinu.	6	1	1
4b	Hann hefur ýmislegt gáfulegt fram að færa vegna <b>þekkingu</b> á málinu.	3	1	4
5a	Nemendur mæti til <b>skólasetningar</b> þann 20. ágúst klukkan 10:00.	6	2	0
5b	Nemendur mæti til <b>skólasetningu</b> þann 20. ágúst klukkan 10:00.	3	2	3
6a	Það verða einhverjar umferðartafir vegna <b>lagningar</b> á veginum.	6	1	1
6b	Það verða einhverjar umferðartafir vegna <b>lagningu</b> á veginum.	1	2	5
7a	Brugðið hefur verið á það ráð að byggja fleiri hús vegna <b>fjölgunar</b> á íbúum.	6	2	0

7b	Brugðið hefur verið á það ráð að byggja fleiri hús vegna <b>fjölgun</b> á íbúum.	1	1	6
8a	Er þér líka boðið í afmæli til <b>Kristínar</b> ?	8	0	0
8b	Er þér líka boðið í afmæli til <b>Kristínu</b> ?	0	1	7
9a	Við verðum að taka meira tillit til <b>Margrétar</b> .	8	0	0
9b	Við verðum að taka meira tillit til <b>Margréti</b> .	0	1	7

Hið nýja eignarfall kom fram með öllum *-ing* orðunum sem voru könnuð og hið sama er að segja um þau orð sem enda á *-un* og voru könnuð. Í flestum tilfellum var um eignarfallsrunu að ræða, sbr. setningar 1b, 2b og 3b og oftast með orðunum *lagning* og *þekking*. Annað var uppi á teningnum þegar sérnöfnin voru annars vegar því enginn málhafi samþykkti hið nýja eignarfall með þeim. Við skulum nú skipta töflunni í tvennt og byrja á að skoða nýja eignarfallið.

Tafla 23: Tíðni setninga úr hluta 2. Nýtt eignarfall.

Nr.	Setning:	Já	?	Nei
1	Verkið tefst vegna <b>lagningu</b> Sundabrautar.	4	1	3
2	Veitt voru vegleg verðlaun vegna <b>þekkingu</b> nemandans.	4	1	3
3	Sérstöku átaki verður hrundið af stað vegna <b>fjölgun</b> banaslysa í umferðinni.	3	1	4
4	Hann hefur ýmislegt gáfulegt fram að færa vegna <b>þekkingu</b> á málinu.	3	1	4
5	Nemendur mæti til <b>skólasetningu</b> þann 20. ágúst klukkan 10:00.	3	2	3
6	Það verða einhverjar umferðartafir vegna <b>lagningu</b> á veginum.	1	2	5
7	Brugðið hefur verið á það ráð að byggja fleiri hús vegna <b>fjölgun</b> á íbúum.	1	1	6
8	Er þér líka boðið í afmæli til <b>Kristínu</b> ?	0	1	7
9	Við verðum að taka meira tillit til <b>Margréti</b> .	0	1	7

Eins og ég nefndi í kafla 2.2 hljómar nýja eignarfallið best ef eignarfallsruna kemur strax á eftir. Svipuð setning með forsetningarlið í staðinn hljómar aftur á móti ekki eins vel. Ef við skoðum þetta nánar og berum saman annars vegar setningar 1 og 6 og hins vegar setningar 3 og 7 virðist þetta vera rétt. Setningar 1 og 3 innihalda dæmigerða eignarfallsrunu en hinar tvær forsetningarlið. Fjórir málhafar samþykktu setningu 1 en aðeins einn samþykkti setningu 6. Svipað er uppi á teningnum í hinum tveim þar sem þrír samþykktu setningu 3 en aðeins einn samþykkti setningu 7. Á þessu sést að eignarfallsrunur kalla frekar á óhefðbundið eignarfall.

Enginn málhafi samþykkti setningar 8 og 9. Síðarnefnda setningin kemur í raun ekki svo á óvart því eins og ég fjallaði um í kafla 2.1 hafa sérnöfn sem enda á *-i* í þolfalli og þágufalli ekki eins sterka tilhneigingu til að fá nýja eignarfallið þrátt fyrir að þau fylgi sama beygingarmynstri og hin. Hins vegar kemur nokkuð á óvart að enginn skyldi samþykkja setningu 8 því sérnafnið *Kristín* endar á *-u* í þolfalli og þágufalli og því hefði mátt gera ráð fyrir sömu endingu í eignarfallinu líkt og gerist svo oft í orðinu *drottning*. Einnig bjóst ég við að málhafar myndu frekar samþykkja nýja eignarfallið með nöfnum eins og *Kristín* því þess gætir talsvert í tali fólks og einnig gefa leitarniðurstöður á *google.is* svipaðar niðurstöður (þ.e.a.s. nýja eignarfallið er talsvert algengara með nöfnum eins og *Kristín* en með nöfnum eins og *Margrét*). Hér gæti einnig skipt máli að á eftir sérnöfnunum hér kemur aldrei eignarfallsruna. En næst skulum við skoða síðari helminginn af töflu 22 þar sem hefðbundna eignarfallið er.

Tafla 24: Tíðni setninga úr hluta 2. Hefðbundið eignarfall.

Nr.	Setning:	Já	?	Nei
1	Verkið tefst vegna <b>lagningar</b> Sundabrautar.	5	2	1
2	Veitt voru vegleg verðlaun vegna <b>þekkingar</b> nemandans.	4	1	3
3	Sérstöku átaki verður hrundið af stað vegna <b>fjölgunar</b> banaslysa í umferðinni.	7	1	0
4	Hann hefur ýmislegt gáfulegt fram að færa vegna <b>þekkingar</b> á málinu.	6	1	1
5	Nemendur mæti til <b>skólasetningar</b> þann 20. ágúst klukkan 10:00.	6	2	0

6	Það verða einhverjar umferðartafir vegna <b>lagningar</b> á veginum.	6	1	1
7	Brugðið hefur verið á það ráð að byggja fleiri hús vegna <b>fjölgunar</b> á íbúum.	6	2	0
8	Er þér líka boðið í afmæli til <b>Kristínar</b> ?	8	0	0
9	Við verðum að taka meira tillit til <b>Margrétar</b> .	8	0	0

Ef tekið er saman hlutfall hefðbundinna eignarfalla á móti óhefðbundnum eru þau fyrrnefndu samtals 56 en hin 19. Stór hluti málhafanna virðist því kjósa hefðbundna eignarfallið fram yfir hið nýja. Vafaatriði voru samtals 21, þar af voru 11 varðandi nýja eignarfallið en 10 varðandi hefðbundna eignarfallið. Vafaatriði varðandi setningar sem innihéldu forsetningarlið voru 12, 7 varðandi eignarfallsrunu og 2 varðandi sérnöfn. Málhafar virðast samkvæmt þessu vera í meiri vafa þegar forsetningarliður er annars vegar. Þetta gefur þó einnig vísbendingu um að málhafar kunni ekki heldur við setningar sem innihalda eignarfallsrunur, eða a.m.k. telja þær vafasamar.

Ljóst er að í þessum hluta var sterk tilhneiging til að velja annan möguleikann fram yfir hinn, jafnvel þótt málhöfum hafi verið gerð grein fyrir því að leyfilegt væri að velja báða. Þó voru nokkur dæmi þess að málhafar voru ýmist í vafa með báða kostina eða samþykktu báða. Vafaatriðin voru aðeins fjögur með orðunum *skólasetning* (5a og b), *lagning* (1 a og b, 6 a og b) og *fjölgun* (7 a og b). Aðeins eitt af þessum setningapörum inniheldur eignarfallsrunu (1 a og b), tvö innihalda forsetningarlið (7 a og b, 6 a og b) og eitt inniheldur hvorugt. Tilvikin þar sem málhafar samþykktu báða kostina voru fleiri, eða 7 talsins. Það voru setningar með orðunum skólasetning 2x (5 a og b), lagning 2x (1 a og b), þekking (4 a og b) og fjölgun 2x(3 a og b). Fjögur þessara dæma innihalda eignarfallsrunu, eitt inniheldur forsetningarlið og tvö innihalda hvorugt. Samkvæmt þessu samþykkja málhafar mun oftast setningu sem inniheldur eignarfallsrunu enda hljómar þannig setning betur eins og ég hef þegar fjallað um. En nú er röðin komin að því að skoða niðurstöður úr fyrsta hluta könnunarinnar. Hér fyrir neðan er tafla sem inniheldur setningar úr þeim hluta með nýja eignarfallinu.

Tafla 25: Tíðni setninga úr hluta 1. Nýtt eignarfall.

Nr.	Setning:	Já	?	Nei
1	Opnun leikskólans frestast vegna <b>breytingu</b> deiliskipulags	4	2	2
2	Fiskveiðikvótinn verður minnkaður vegna <b>minnkun</b> fiskstofnsins.	4	1	3
3	Hann saknaði <b>Heiðrúnu</b> þegar hún var erlendis.	3	0	5
4	Viltu koma með mér til <b>Unni</b> á eftir?	3	0	5
5	Fífan verður lokuð um helgina vegna <b>sýningu</b> .	2	3	3

Við sjáum að nýja eignarfallið var oftast samþykkt með orðunum *breyting* og *minnkun*. Í báðum tilvikum er um eignarfallsrunu að ræða. Aftur á móti voru aðeins tveir málhafar sem samþykktu nýja eignarfallið með *sýningu*. Hugsanleg skýring á því er að það kemur ekkert á eftir, hvorki eignarfallsruna né forsetningarliður og því verður að teljast líklegt að málhöfum finnst þess háttar setning ekki hljóma vel (enda gáfu niðurstöður úr hluta tvö til kynna að málhafar samþykkja heldur nýja eignarfallið ef á eftir kemur eignarfallsruna).

Jafn margir málhafar samþykktu setningu með *Heiðrúnu* og *Unni* sem verður að teljast óvænt sökum þess að eignarfallsmyndin *Unni* er mun sjaldgæfari en eignarfallsmyndin *Heiðrúnu* eins og ég nefndi í umfjöllun við töflu 23. Einnig hefur það líklega einhver áhrif að það kemur ekki eignarfallsruna á eftir þessum sérnöfnum (sbr. umræða við töflu 23). Að síðustu skulum við líta á setningar sem innihalda hefðbundið eignarfall út hluta eitt.

Tafla 26: Tíðni setninga úr 1. hluta. Hefðbundið eignarfall.

Nr.	Setning:	Já	?	Nei
1	Viltu keyra mig til <b>Hjördísar</b> í fyrramálið?	7	0	1
2	Fjármálakerfi landsins er í molum vegna <b>spillingar</b>	7	1	0
3	Þau söknuðu <b>Sólveigar</b> ekkert þegar hún var í burtu	7	1	0
4	Viðbúnaðarstig verður aukið vegna <b>fjölgunar</b> dauðsfalla	5	1	2
5	Opnun læknaþessins verður flýtt vegna <b>byggingar</b> spítalans	4	0	4



Hér er athyglisvert að helmingur málfafanna samþykkti setningu 5 en hinn helmingurinn samþykkti hana ekki. Þetta gæti bent til þess að málhöfum líki almennt ekki við eignarfallsrunur sem þessar líkt og ég nefndi hér áðan í umfjölluninni um töflu 24. Annað sem bendir til þessa er að 5 málfafar samþykktu setningu 4 sem inniheldur einnig eignarfallsrunu en næstum allir, eða samtals 7, samþykktu setningu 2 sem inniheldur ekki eignarfallsrunu.

Yfir heildina í hluta eitt samþykktu fleiri málfafar hefðbundna eignarfallið en hið nýja, eða 30 sinnum á móti 16. Þetta gefur sterka vísbendingu um að málfafar kjósa almennt frekar hefðbundna eignarfallið en þó eru alltaf málfafar inn á milli sem sjá engan mun, finnst nýja eignarfallið hljóma betur eða halda að það sé málfræðilega rétt.

Ef við berum saman hluta eitt og tvö kemur í ljós að hlutfallslega fleiri samþykktu nýja eignarfallið í hluta eitt, eða 32% á móti 21%. Skýringin á þessu er líklega sú að þegar í hluta tvö var komið voru málfafar orðnir meðvitaðri um könnunina og samþykktu því síður nýja eignarfallið.

Eins og fjallað var um í kafla 2 skiptir bæði beygingarflokkur orðanna og setningafræðilegt umhverfi máli. Þar nefndi ég að orð sem enda á *-ing* og *-un* virðast vera líklegri til að fá hið nýja eignarfall og svo reyndist vera miðað við niðurstöður könnunarinnar. Hafa ber þó í huga að þetta er mjög lítil könnun en hún ætti þó að gefa ákveðna hugmynd um þetta sem hún og gerir.

## 5. Lokaorð

Í þessari ritgerð hef ég fjallað um þau orð sem er hvað hættast við að taka upp hið nýja eignarfall og reynt að grafast fyrir um ástæðurnar sem liggja þar að baki. Nokkuð ljóst er að orðum er enda á viðskeytinu *-ing* og ákveðnum sérnöfnum er hættast við þessari breytingu. Ástæðurnar má að hluta til rekja til áhrifa veiku beygingarinnar þar sem talið er að *-u* eignarfallsending veikra kvenkynsorða ýti undir þessa breytingu og „togi til sín“ sterk kvenkynsorð sem hafa endinguna *-u* í þolfalli og þágufalli. Að auki er um að ræða áhrif frá þáttakerfinu þar sem beygingin hefur tilhneigingu til að breytast og samræmast betur þáttakerfinu. Við það verður ákveðin einföldun þar sem beygingarþáttum (sem notaðir eru til að tákna þolfalls- og þágufallsendinguna *-u* í orðum eins og *drottning*) fækkar úr tveimur í einn eftir að nýja eignarfallið hefur tekið sér bólfestu.

Sú staðreynd að sérnöfn er enda á *-i* í þolfalli og þágufalli hafa ekki eins sterka tilhneigingu til að fá nýja eignarfallið segir okkur að það er meira en þáttakerfið sem býr að baki þessarar breytingar. Ef það væri almenn tilhneiging sterkra kvenkynsorða að fá nýja eignarfallið ætti hið sama að gilda um sérnöfn sem þessi og ef þannig væri í pottinn búið væri líklega aðeins um áhrif frá þáttakerfinu að ræða en ekki áhrif frá veiku beygingunni. Við sjáum því að það er líklegt að um sé að ræða tvær nálganir á nýja eignarfallið, annars vegar þáttakerfið og hins vegar áhrif frá veiku beygingunni.

Veika beygingin er einmitt talin vera grunnmynstur kvenkynsnafnorða-beygingarinnar og er þ.a.l. talin líklegri til að varðveitast í beygingakerfinu sem hún og gerir samkvæmt þessu. Sú sterka virðist því samræmast grunnmynstrinu fremur illa og tekur því umræddum breytingum og verður fyrir vikið líkari grunnmynstrinu eða samhljóða því. Við sjáum því að veika beygingin hefur talsverð áhrif á þá sterku en ekki öfugt.

Ákveðnar setningafræðilegar aðstæður ráða einnig miklu um þessa breytingu því talsvert meiri líkur eru á að fá nýja eignarfallið ef á eftir kemur runa eignarfallsliða. Þetta kom glögglega í ljós í könnuninni þar sem mun fleiri málhafar samþykktu nýja eignarfallið ef á eftir kom slík eignarfallsruna. Ef forsetningarliður kom á eftir voru málhafar annað hvort í talsvert meiri vafa eða samþykktu þær setningar síður. Einnig virðist málhöfum ekki líka almennt við eignarfallsrunur í setningum því samtals 26 sinnum sögðu þeir annað hvort nei við hefðbundnu eignarfalli eða voru í vafa varðandi það. En þrátt fyrir þetta tók meirihluti málhafanna hefðbundna eignarfallið

fram yfir nýja á heildina lítið en hver veit hvernig þetta mun þróast á næstu misserum. Eignarfallið stendur nú þegar nokkuð höllum fæti hvað varðar tíðni þess og ef málbreyting sem þessi vindur frekar upp á sig í nánustu framtíð mun það eflaust eiga enn erfiðara uppdráttar.

## Viðauki

### Orð með viðskeytið *-ing*:

Afleiðing, aukning, ábending, álagning, áminning, blekking, breyting, bygging, bylting dagsetning, derring, dreifing, drottning, eftirvænting eining elding, endurtekning, erting eyðilegging, fjárfesting, flenging, framlenging, frýsting, fullnæging, fullyrðing, fylking, fæðing, girðing, greining, hegning, hending, herping, hilling, hirðing, hluttekning, hreyfing, hrifning, hringing, hrygning, hughreysting, hvatning, játning, kelling, kenning, kerling, krufning, kynning, kyrking, leiðrétting, lending, líking, loftræsting, lyfting, lýsing, lækning, læsing, málning, meining, menning, merking, minning, múgæsing, mæling, niðurlæging, nýting, næring, óeining, ráðning, refsing, reyking, rigning, saðning, sameining, samræming, samsetning, sannfæring, setning, sérhæfing, sjónhverfing, skelfing, skerðing, skilgreining, skipting, skráning, skýring, snerting, spilling, sprenging, staðfesting, staðsetning, stemming, stemmning, stilling, sýning, talning, teikning, tilfinning, tilhneiging, tilkynning, tímasetning, tortíming, trygging, undantekning, uppáfinning, uppfinning, útlegging, virðing, vísbending, þekking, þeyting, þjáning, þrenning.<sup>51</sup>

### Orð með viðskeytið *-un*:

Aðdáun, aðlögun, aðvörun, afbökun, aflögun, athugun, áfrýjun, ágiskun, ákvörðun, áletrun, ályktun, álösun, áskorun, ástundun, ásökun, ávísun, ávöxtun, áætlun, björgun, blessun, blygðun, blöndun, boðun, borun, bókun, bráðnun, burstun, byrjun, bölvun, dýrkun, dögun, einangrun, einokun, eitrún, endurholdgun, fangelsun, frelsun, friðun, fjármögnun, fjölgun, flokkun, fullkornun, fölsun, fötun, geðbilun, geislun, glötun, greftrun, grisjun, hegðun, hindrun, hitun, hjúkrun, hjöðnun, hneykslun, hnignun, hnitmiðun, hreinsun, hröðun, hrörnun, huggun, hugsun, hönnun, hörfun, hækkun, íhlutun, íhugun, ítrekun, klofnun, kólnun, kúgun, kvörtun, köfnun, köfun, köllun, könnun, leitun, litun, lokun, losun, lækkun, lögun, löndun, löngun, margföldun, málamiðun, málun, meðaumkun, meðhöndlun, megrun, mengun, menntun, mettun, minnkun, móðgun, mótun, myndun, myrkvun, nauðgun, neitun, niðurröðun, njörvun, notkun, nýliðun, ofstuðun, prentun, pressun, prédikun, pökkun, pöntun, pössun, ráðstöfun, ritun, ruglun, rýrnun, ræktun, samloðun, samsvörun, samþjöppun,

<sup>51</sup> Friðrik Magnússon og Stefán Briem 1991:858-859

skammstöfun, sefjun, skemmtun, skipun, skírskotun, skoðun, skutlun, skynjun, sköddun, skömmun, sköpun, skörun, slökun, smækkun, sóun, stjórnun, stofnun, sturlun, stækkun, stöðlun, stöðnun, stöðvun, svölun, synjun, söfnun, söltun, sönnun, takmörkun, taugaveiklun, teiknun, tilhlökkun, tilhögun, tilviljun, tilvitnun, tilvísun, temprun, truflun, trúlofun, túlkun, umbun, umfjöllun, undrun, unun, uppgufun, uppgötvun, upplifun, úrkynjun, útborgun, úthlutun, útskúfun, útöndun, velmegun, verkun, verndun, verslun, viðmiðun, viðvörun, vitjun, vitrun, vöntun, yfirvegum, þjálfun, þóknun, þreföldun, þróun, þrælkun, þurrkun, ætlun, öflun, ögrun, örmögnun, örvun.<sup>52</sup>

Kvenmannsnöfn sem enda á *-björg*: Addbjörg, Aðalbjörg, Arinbjörg, Arnbjörg, Auðbjörg, Árbjörg, Ásbjörg, Ástbjörg, Dagbjörg, Danbjörg, Eiðbjörg, Einarbjörg, Einbjörg, Elínbjörg, Elísabjörg, Elsabjörg, Engilbjörg, Eybjörg, Finnbjörg, Friðbjörg, Geirbjörg, Grímbjörg, Guðbjörg, Gunnbjörg, Hafbjörg, Hallbjörg, Heiðbjörg, Herbjörg, Himinbjörg, Hólmbjörg, Hróbjörg, Hróðbjörg, Hugbjörg, Húnbjörg, Iðbjörg, Ingibjörg, Ísbjörg, Jelbjörg, Jónbjörg, Ketilbjörg, Kolbjörg, Kristbjörg, Kristínbjörg, Línbjörg, Ljósbjörg, Magnbjörg, Niðbjörg, Nýbjörg, Oddbjörg, Reginbjörg, Rósbjörg, Rósinbjörg, Salbjörg, Sigurbjörg, Snæbjörg, Sólbjörg, Steinbjörg, Svanbjörg, Sveinbjörg, Sæbjörg, Unnbjörg, Vagnbjörg, Valbjörg, Vébjörg, Vilbjörg, Vinbjörg, Þjóðbjörg, Þorbjörg, Þórunnbjörg.

Kvenmannsnöfn sem enda á *-ey*: Arey, Arney, Árney, Baldey, Benney, Bentey, Bergey, Bjarney, Bjarkey, Bjarney, Bjarney, Björney, Blómei, Bogey, Bótey, Brúney, Burkney, Daðey, Daney, Draumei, Dýrley, Einei, Eldey, Engley, Fanney, Finney, Friðey, Glóey, Grímei, Hafey, Halley, Hanney, Hjaltey, Hjúlmey, Hrafney, Ingey, Ísey, Jenney, Jensey, Jóney, Kristey, Laufey, Laugey, Líney, Loftey, Lórey, Lúlley, Magney, Marey, Máney, Minney, Móey, Narfeiy, Páley, Pálmei, Rafney, Ragney, Ríkey, Rósey, Sigurey, Sóley, Steinei, Sveinei, Sverrey, Sölvey, Torfeiy, Valdey, Valey, Þórey, Þyreiy.

---

<sup>52</sup> Friðrik Magnússon og Stefán Briem 1991:963-965

Kvenmannsnöfn sem enda á *-laug*: Addlaug, Allaug, Arnlaug, Álaug, Áslaug, Ástlaug, Berglaug, Bjarglaug, Bjarnlaug, Björnlaug, Blómlaug, Droplaug, Fannlaug, Finnlaug, Freyলাug, Friðlaug, Geirlaug, Gilsলাug, Gíslলাug, Gjaflaug, Grímlaug, Guðলাug, Gunnলাug, Gæflaug, Heiðলাug, Heimলাug, Herলাug, Hjörtলাug, Hrafnলাug, Indলাug, Ingilaug, Íslaug, Jórলাug, Kristলাug, Magnলাug, Marলাug, Oddলাug, Rósলাug, Sigurলাug, Snjáলাug, Snjóলাug, Snæলাug, Steinলাug, Svanলাug, Sveinলাug, Sæলাug, Véলাug, Þjóðলাug, Þorলাug,

Kvenmannsnöfn sem enda á *-ljót*: Arnljót, Bergljót.

Kvenmannsnöfn sem enda á *-ný*: Auðný, Árný, Ásný, Ástný, Bárðný, Bergný, Birgný, Bjarný, Borgný, Daðný, Dagný, Eiðný, Eirný, Friðný, Fróðný, Geirný, Gestný, Gíslný, Guðný, Hafný, Hallný, Heiðný, Hjörný, Hjörtný, Hróðný, Hróný, Jónný, Kristný, Leikný, Lyngný, Oddný, Pálný, Rósný, Salný, Sigurný, Sólný, Steinný, Sæný, Teitný, Valdny, Valný, Vény, Vilný, Þórný.

Kvenmannsnöfn sem enda á *-rún*: Alrún, Arnrún, Auðrún, Álfrún, Árún, Ásrún, Ástrún, Baldrún, Bergrún, Bjarnrún, Borgrún, Brimrún, Böðvarrún, Dagrún, Draumrún, Eggrún, Einrún, Eirún, Eyrún, Flosrún, Friðrún, Geirrún, Gestrún, Gíslrún, Guðrún, Gunnrún, Hafrún, Hallrún, Heiðrún, Hjálmrún, Hugrún, Huldrún, Ingrún, Ísrún, Kortrún, Krístrún, Loftrún, Markrún, Mýrún, Oddrún, Pálrún, Pétrún, Rósrún, Sigrún, Sigurrún, Snærún, Sólrún, Steinrún, Stígrún, Svalrún, Svanrún, Sveinrún, Særún, Úlfrún, Valrún, Þórrún, Þýðrún, Ölrún.

Kvenmannsnöfn sem enda á *-veig*: Aðalveig, Árveig, Ástveig, Bergveig, Bjarnveig, Björnveig, Brynveig, Elínveig, Elíveig, Eyveig, Friðveig, Guðveig, Gullveig, Gunnveig, Hallveig, Hannveig, Heiðveig, Hjálmeig, Ingiveig, Ísveig, Jónveig, Kristveig, Loftveig, Marveig, Munnveig, Randveig, Rannveig, Sigurveig, Sólveig, Sveinveig, Tryggveig, Þórveig, Ölveig.<sup>53</sup>

Kvenmannsnöfn sem fá *-i* í þolfalli og þágufalli:

<sup>53</sup> Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson 1991:34-39

Aðalheiður, Aðalsteinunn, Aldís, Ardís, Arndís, Arnfríður, Arngerður, Arngunnur, Arnheiður, Arnhildur, Auðdís, Auður, Álfdís, Álfgerður, Álfheiður, Álfhildur, Árdís, Árndís, Árnheiður, Ásdís, Ásfríður, Ásgerður, Ásthildur, Ástdís, Ástfríður, Ástgerður, Ástheiður, Ásthildur, Ástríður, Ástþrúður, Bergfríður, Bergheiður, Berghildur, Berglind, Bjargheiður, Bjarghildur, Bjarglind, Bjarklind, Bjarndís, Bjarnfríður, Bjarngerður, Bjarnheiður, Bjarnhildur, Bjarnþrúður, Bjarnheiður, Bjarnhildur, Bjarnþrúður, Björgheiður, Björghildur, Björnfríður, Blædís, Bogdís, Boghildur, Borgdís, Borghildur, Bóthildur, Braghildur, Branddís, Brimdís, Brimhildur, Bryndís, Brynfríður, Bryngerður, Brynheiður, Brynhildur, Dagfríður, Dagheiður, Daldís, Danfríður, Danheiður, Danhildur, Dómhildur, Dýrunn, Eiðunn, Eindís, Einfríður, Einhildur, Eirdís, Elfur, Elín, Elíngunnur, Elínheiður, Eydís, Eyfríður, Eygerður, Eyhildur, Eyþrúður, Fanndís, Finnfríður, Fídes, Fjaldís, Freydís, Freygerður, Friðdís, Friðgerður, Friður, Gauthildur, Geirdís, Geirfríður, Geirhildur, Geirríður, Geirþrúður, Gerður, Gestheiður, Gissunn, Gíslunn, Glódís, Grímheiður, Grímhildur, Guðdís, Guðfríður, Guðríður, Gunndís, Gunnfríður, Gunnheiður, Gunnhildur, Gunnur, Gunnþórunn, Guðríður, Hafdís, Halldís, Hallfríður, Hallgerður, Hallgunnur, Hauður, Heiðdís, Heiður, Herdís, Herfríður, Hergerður, Herþrúður, Hildigerður, Hildigunnur, Hildiríður, Hildur, Hjálmdís, Hjálmfríður, Hjálmgerður, Hjördís, Hjörfríður, Hlaðgerður, Hlédís, Hólmdís, Hólmfríður, Hrafndís, Hrafngerður, Hrafnheiður, Hrafnhildur, Hraundís, Hreindís, Hrólfús, Hugdís, Huldís, Húndís, Húngerður, Iðunn, Ilmur, Ingdís, Ingheiður, Inghildur, Ingfríður, Ingigerður, Ingiríður, Ingunn, Ingveldur, Íris, Írunn, Ísgerður, Íshildur, Jarþrúður, Járngerður, Jódís, Jófríður, Jónndís, Jónfríður, Jóngerð, Jónheiður, Jónhildur, Jóríður, Jórunn, Ketilfríður, Ketilríður, Koldís, Kristfríður, Kristgerður, Laufheiður, Laufhildur, Laugheiður, Lífdís, Línndís, Línhildur, Ljótunn, Lyngheiður, Magndís, Magnes, Magnfríður, Magnheiður, Magnhildur, Maídís, Mardís, Marfríður, Margret, Margrét, Margrjet, Margunnur, Marheiður, Matthildur, Málfríður, Málhildur, Málmfríður, Mildríður, Mjaldís, Mjallhvít, Móeiður, Móheiður, Mundheiður, Mundhildur, Oddfríður, Oddgerður, Oddhildur, Ormheiður, Ormhildur, París, Páldís, Pálfríður, Pálheiður, Pálhildur, Pálmfríður, Rafnhildur, Ragnfríður, Ragnheiður, Ragnhildur, Randíður, Ráðhildur, Reyndís, Reynheiður, Reynhildur, Rósfríður, Róshildur, Rúndís, Rúnhildur, Saldís, Salgerður, Sigdís, Sigfríð, Sigfríður, Siggerður, Signhildur, Sigríður, Sigurdís, Sigurhildur, Sigþrúður, Skarpheiður, Snjáfríður, Snjófríður, Snædís, Snæfríður, Sóldís, Sólfriður, Sólgerður, Sólhildur, Steindís, Steinfríður, Steingerður, Steinhildur,

Steinunn, Stígheiður, Styrgerður, Svandís, Svanfríður, Svanheiður, Svanhildur, Svanhvít, Svanþrúður, Sveindís, Sveinfríður, Sveingerður, Sveinhildur, Sædís, Sæfríður, Sæhildur, Sæunn, Torfheiður, Torfhildur, Unndís, Unnur, Urður, Úlfús, Úlfheiður, Úlfhildur, Valdheiður, Valdís, Valfríður, Valgerður, Valhildur, Valþrúður, Védís, Végerður, Vigdís, Vildís, Vilfríður, Vilgerður, Víggunnur, Vordís, Ylfur, Ýr, Ýrr, Þjóðhildur, Þorgerður, Þórdís, Þórelfur, Þórfriður, Þórgunnur, Þórheiður, Þórhildur, Þórunn, Þrúður, Þuríður, Æsgerður.<sup>54</sup>

---

<sup>54</sup> <http://www.wikipedia.org> 2008



## Heimildir

- Ari Páll Kristinsson. 1995. „Tengdur o.fl.“ *Tungutak* 83:2-3. Ritstj. Ari Páll Kristinsson. Ríkisútvarpið, Reykjavík.
- Ásta Svavarsdóttir. 1994. „Enn um eignarfallsflóttu.“ *Jónína hans Jóns G. Friðjónssonar 24. ágúst 1994*. bls. 7-13. Umsj. Guðrún Kvaran o.fl. Reykjavík.
- Ásta Svavarsdóttir. 1987. *Beygingakerfi nafnorða í nútímaíslensku*. Ritgerð til kandidatsprófs í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Friðrik Magnússon og Stefán Briem. 1991. *Íslensk orðtíðnibók*. Ritstj. Jörgen Pind. Orðabók Háskólans, Reykjavík
- Guðrún Kvaran. 2005. *Íslensk tunga II*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson. 1991. *Nöfn Íslendinga*. Prentsmiðjan Oddi hf, Reykjavík.
- Haraldur Bernharðsson. 2005. „Ég er, ég vill og ég fær.“ *Íslenskt mál* 27:63-101.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1999. „Flugur, smágreinar og umræðuefni.“ „Orð í belg um eignarfallsflóttu.“ *Íslenskt mál og almenn málfræði* 21:151-160.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1979. „Eignarfallsflótti.“ „Uppástunga um nýja málvillu.“ *Íslenskt mál* 1:88-95.
- Iversen, Ragnvald. 1994. *Norrøn grammatikk*. E.F. Halvorsen, Tano A.s.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2006. „Málfræðilegar formdeildir og þáttgreining í íslensku.“ Fyrirlestur fluttur í kennslustund í íslensku við Hugvísindadeild Háskóla Íslands. Reykjavík, 1. mars.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2006. „Nafnorðabeyging í íslensku I.“ Fyrirlestur fluttur í kennslustund í íslensku við Hugvísindadeild Háskóla Íslands. Reykjavík, 8. mars.
- Kristján Árnason. 2005. *Íslensk tunga I*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Margrét Guðmundsdóttir. 2002. *Málkunnáttufræði og málbreytingar*. Mál og menning, Reykjavík.
- Wikipedia. 2009, 15.mars. „Listi yfir íslensk eiginnöfn kvenmanna.“ Vefslóð: [http://is.wikipedia.org/wiki/Listi\\_yfir\\_%C3%ADslensk\\_eiginn%C3%B6fn\\_kvenmanna](http://is.wikipedia.org/wiki/Listi_yfir_%C3%ADslensk_eiginn%C3%B6fn_kvenmanna)

